

SHALDOR  
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



Nostrað við sumarbústaðinn  
Í sumarbústaðnum er hægt að  
gera fjölbreyttari tilraunir með  
húsgögn og fylgihluti en heima  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

11. júlí 2011  
159. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGIÐ Á ÍSLANDI  
10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt heimild: Stjórnun Genesent Cellum árið mars 2011



Bach á vel við mig

Benedikt Kristjánsson sigraði í Bach-keppni fyrir einsöngvara.

tímamót 12

Stemning á Bestu

Besta útihátíðin um helgina fór vel fram og hljómsveitin Quarashi sló í gegn.

fólk 16




KR-ingar óstöðvandi

Guðjón Baldvinsson skoraði þrennu á korteri í 3-0 sigri á Fylki í Árbæ.

sport 18

veðrið í dag



VÍÐA BJART Í dag má búast við fremur hægum SV-áttum en 5-10 m/s við vesturströndina. Horfur eru á sólarglætu í öllum landshlutum en austantil verður heldur skýjað síðdegis. Hiti á bilinu 10-16°C.

VEÐUR 4

## Erfðataeknin byltir rannsóknum á laxi

Genabanki um arfgerðir laxastofna hefur bylt hugmyndum um lax í hafinu við Ísland. Lax sem veiðist við landið er ekki upprunninn úr íslenskum ám.

**VÍSINDI** Íslenskar og fjölþjóðlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að lax sem veiðist við landið á ekki uppruna sinn að rekja úr íslenskum ám. Af rúmlega 4.000 löxum sem liggja til grundvallar niðurstöðunni voru aðeins níttján íslenskir.

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, segir niðurstöðurnar byggja á erfðagagnagrunni laxa sem hefur bylt rannsóknum á laxi í Norður-Atlantshafi. Gagnabankinn er fjölþjóðlegur; lönd í Evrópu þar sem lax fyrirfinnst söfnuðu gögnum um eigin stofna. Allar upplýsingarnar eru samkeyrðar í einum banka sem

**19** laxar af þeim rúmlega fjögur þúsund sem voru rannsakaðir reyndust vera íslenskir.

gerir vísindamönnum kleift að erfðagreina lax sem veiðist í sjó. Fyrri rannsóknir hér á landi bentu til þess að íslensk skip dræpu þrjú til sjö þúsund laxa sem kæmu í veiðarfæri sem meðaflí. Höfðu menn áhyggjur af því hvað þetta myndi þýða fyrir viðkomu stofnanna og fyrir laxveiði á stöng.

Í samevrópskri rannsókn, sem Ísland á aðild að, hafa safnast rúmlega fjögur þúsund laxar. Þeir, ásamt 200 löxum sem hafa safnast í séríslenskri rannsókn sanna að laxadráp á þeim svæðum sem upp-sjávarfiskur er helst veiddur hér við land er frá Noregi, Bretlands-eyjum og Frakklandi.

Enn er ókönnuð mikilvæg fæðuslóð við Reykjanesrygg og svæði norðaustur af landinu. Á þeim svæðum er mun minna veiðialag og niðurstöðurnar gætu bent til þess að íslensku laxastofnarnir séu í skjóli fyrir mannhöndinni á meðan þeir dvelja í hafinu. - shá / sjá síðu 8

## Tökur á Prometheus að hefjast: Stórstjórnur við rætur Heklu

**FÓLK** Charlize Theron, Michael Fassbender og Noomi Rapace eru meðal þeirra kvikmyndastjarna sem heiðra munu landið næstu



RIDLEY SCOTT

tvær vikur. Þau þrjú leika aðalhlutverkin í kvikmynd Ridley Scott, Prometheus, en tökur á henni hefjast við Heklu í vikunni. „Við erum að taka upp upphaf tímans,“ segir Scott en hann hitti blaðamenn á lokuðum fundi í gær og fór yfir stöðu mála. Hann vildi hins vegar ekki tjá sig um framleiðslukostnaðinn hér á landi en staðfesti að hlutverk íslensks landslags yrði stórt. „Þetta verða fimmtán mínútur í heild á hvíta tjaldinu ef allt gengur að óskum.“ - fgg / sjá síðu 22



ÞAR SEM VEGURINN ENDAR Maðurinn má sín lítils þegar áætlanir hans stangast á við dynti náttúrunnar. Hér má sjá hvernig hlaupið í Múlakvísl hefur rífið með sér brúna en skilið eftir sig jökulhnúllunga þar sem vegurinn endar. MYND/VILHELM

Vegagerðin hefur kallað hóp starfsmanna úr sumarleyfum til að hefja brúargerð:

## „Neyðarástand í ferðabjónustu“

**SAMGÖNGUR** Það er ekki hægt að reisa nýja brú yfir Múlakvísl á skemmri tíma en tveimur til þremur vikum, segja Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Baldvin Einarsson byggingaverkfræðingur.

Vegagerðin hefur kallað hátt í tuttugu manns úr leyfum til að hefja störf við brúargerð.

Hreinn segir að nú séu menn á tækjum að gera plön fyrir birgðir og tæki en þegar þeirri vinnu verði

lokið muni vegagerðarmenn væntanlega vinna á sólarhringsvöktum. Samtök ferðabjónustunnar lýsa yfir neyðarástandi og segir Árni Gunnarsson formaður samtakanna að ferðabjónustuaðilar um allt land muni verða fyrir röskunum vegna þessa ástands.

Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar, segir að það muni koma í ljós í dag hvort og þá hvaða ráðstafanir þeir muni gera

sem eiga bókaðar ferðir hingað til lands.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að framkvæmdirnar við mannvirkjagerðina muni kosta á bilinu 400 til 500 milljónir.

Jón Gunnarsson alþingismaður sagði í gærkvöldi að útlit væri fyrir að hægt yrði að hefja flutninga á fólki og jafnvel bifreiðum yfir Múlakvísl þá um kvöldið.

- jse, þeb / sjá síðu 6

Átta vikna heilsuáætlun

„Bókin Léttara og betra líf opnar nýja leið til heilsuþótar, skref fyrir skref.“

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON, RITHÖFUNDUR

www.forlagid.is

actavis



Gleðilegt sumar!



Lóritín®

HEILVÁÐSÍÐA 1000

Mánudags FISKURINN

Fáðu uppskriftina á gottimatinn.is





Einar, þolir þetta mál enga bið?

„Mér finnst ekki, en biðlundin sigrar að lokum.“

Einar Kristjánsson starfar á skipulags- og þróunarsviði Strætó. Fréttablaðið fjallaði í gær um slæmar aðstæður við tvær biðstöðvar Strætó á Vesturlandsvegi.

Sjö ára drengur myrtur:

## Óhugnanlegt morð í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Sjö ára gamall drengur var stunginn til bana í Umea í norðurhluta Svíþjóðar í gær. Tveir fullorðnir ættingjar drengsins eru í gæsluvarðhaldi.

Að sögn lögreglufirvalda í Umea virðist sem um fjölskylduharmleik sé að ræða. Ekki liggur þó fyrir hvort ættingjarnir sem hafa verið handteknir eru foreldrar drengsins.

Lögregla var kölluð á vettvang snemma í gær og fann drenginn alvarlega slasaðan. Farið var með hann á sjúkrahús í grenndinni þar sem hann var úrskurðaður látinn.

- mþl

Vilja fund um Drekasvæðið:

## Fundarkröfu enn ósvarað

**STJÓRN MÁL** Engin svör hafa borist frá Kristjáni L. Möller, formanni iðnaðarnefndar Alþingis, við ósk þriggja þingmanna stjórnarandstöðunnar um fund í nefndinni vegna málefna Drekasvæðisins.

Gunnar Bragi Sveinsson, Jón Gunnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson óskuðu eftir fundi í iðnaðarnefnd á sunnudag í síðustu viku og ítrekuðu óskina á laugardagsmorgun, að sögn Jóns.

Skýlt er að boða til nefndarfundar krefjist þeir eða fleiri nefndarmenn þess.

- mþl

## RÚSSLAND

### Farþegaskip sökk

Yfir hundrað manns er saknað eftir að farþegaskip sökk á stórflyjóttinu Volgu í Rússlandi í gær. Um borð voru 135 farþegar og 45 í áhöfn. Björgunarsveitarmenn höfðu í gærkvöldi bjargað 75 manns upp úr vatninu. Einn var úrskurðaður látinn. Volga er ein lengsta á Evrópu og mikilvæg samgönguæð í Rússlandi.

Eftir rólegt sumar virðist geitungurinn nú ætla að láta til skarar skríða:

## Geitungurinn að taka við sér

**UMHVERFISMÁL** Tiltölulega lítið hefur farið fyrir geitungum það sem af er sumri en Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri meindýravarana Reykjavíkurborgar, segir að nú virðist vágestur þessi vera að taka við sér.

„Þetta hefur verið mjög rólegt fram að þessu,“ segir hann. „Þó virðist þetta ekki allt hafa misfarist hjá geitungunum því við erum farnir að fá hringingar út af þeim núna.“ Í fyrra eyddu meindýravnir Reykjavíkurborgar átta búum í júnímánuði en þau voru einungis tvö í sama mánuði í ár. Hann



**GEITUNGABÚ** Meindýravnur berast nú hringingar vegna geitunga.

segir þó að verstu tveir mánuðirnir séu júlí og ágúst hvað þetta varðar. „Þá fer þetta að byrja fyrir alvöru,“ segir hann. Hann bendir einnig á að þegar hlýtt og þurrt er í veðri verði fólk frekar vart við geitunga

þar sem það sé meira úti við en það þurfi ekki að þýða að þeir séu ekki á ferð í vætutíð eins og þeirri sem verið hefur fyrrpart sumars.

En það kemur fleira á borð meindýravarana en geitungar. Til dæmis komu þeir rúmlega sextíu minkum fyrir kattarnef á síðasta ári. Flestir þeirra voru teknir á Kjalarnesi. Eins segir Guðmundur að þeir hirði um hundrað ketti á ári eftir að ekið hefur verið yfir þá. Þá berast endrum og eins hringingar vegna meindlegra dýra úr einkaeign, eins og til dæmis snáka, sem hafa stungið eigna sinn af.

- jse

Lestarslys á Indlandi:

## Þrjátíu og einn látinn eftir slys

**FATEPHUR, AP.** Hraðlest fór út af sporinu á Indlandi í gær með þeim afleiðingum að 31 lést og yfir 100 eru slasaðir. Björgunarmenn leit-uðu enn að fólki í flaki lestarinnar í gærkvöldi. Mikill brak er á við og dreif og gerir það björgunarmönnum erfitt um vik.

Tólf vagnar lestarinnar fóru út af sporinu nálægt bænum Fatephur, en lestin var á leið frá bænum Kolka til Hawran, á Austur Indlandi. Ekki er vitað nákvæmlega um tildrög slyssins en þetta er þriðja lestarslysið á fjórum dögum á Indlandi.

- áp

Árangur batnar milli ára:

## Tóku 50 kíló af eiturlyfjum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á tvöfalt meira magn fíkniefna á síðasta ári heldur en árið 2009. Fjöldi fíkniefnamála á þessum tveimur árum var svipaður.

Þetta kemur fram í ársskýrslu embættisins fyrir árið 2010.

Tvívégis var haldlagt fljótandi amfetamín á síðasta ári, sem framreiknað var til ríflega fjórtán kílóa af efni í neyslustyrkleika. Þá voru 15.084 e-töflur haldgöðar og 4.4 kíló af kókaíni. Á öllum þessum fíkniefnum varð aukning milli ára. Samtals lagði lögreglan hald á 22.7 kíló af fíkniefnum árið 2009 en 51.2 kíló í fyrra.

- jss

34 daga túr Málmejar lokið:

## Aflaverðmætið 360 milljónir

**SIÁVARÚTVEGUR** Hásetar á Málmei SK 1 hörmuðu ekki hlutinn sinn þegar skipið kom að landi um klukkan þrjú í gær með um 840 tonn. Aflaverðmætið er tæpar 360 milljónir og því gæti hlutur háseta verið um 3,6 milljónir.

Björn Jónasson skipstjóri sagði áhöfnina vissulega vera kampa-káta og ekki væri það til að spilla fyrir að flestir væru að fara í frí. Afllinn samantóð af grálúðu og úthafskarfa.

Túrinn tók 34 daga að sögn Björns. Fyrsta hálfu mánuðinn var skipið á Reykjaneshrygg en svo var farið austur fyrir land.

- jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrjú veltu bílum

Ökumenn misstu í tvígang stjórn á bílum sínum á Reykjaneshrautinni í gær. Minniháttar slys á fólki urðu í báðum tilvikum. Þá slapp ökumaður ómeiddur úr bílveltu á veginum milli Garðs og Keflavíkur á laugardagskvöldið.



**HEIMIR JANUSARSON Í GUFUNESKIRKJUGARÐI** Verið er að stækka kirkjugarðinn á Gufunesi en kirkjugarðarnir í Reykjavík hafa um 70 hektara til umráða.

MYND/VILHELM

## Fjögur af hverjum tíu líkum brennd

Bálförum hefur fjölgað verulega í Reykjavík en einnig á landsvísu. Annað hvert duftker er sett í gamlan reit. Yfir þúsund manns hafa lagt inn bálfararbeiðni.

**SAMFÉLAGSMÁL** Bálförum hefur fjölgað stórlega í Reykjavík og er nú svo komið að fjögur af hverjum tíu líkum eru brennd fyrir útför, samkvæmt tölum frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

Einnig hefur bálfararbeiðnum fjölgað verulega síðustu ár en nú eru þær á annað þúsund, segir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Slíkt beiðni er gerð í þeim tilgangi að enginn vafi leiki á að beiðandi verði brenndur þegar lokakallið kemur. Hægt er að leggja inn slíka beiðni á heimasíðu kirkjugarðanna.

Þróuninni hnikar í sömu átt á landsvísu en þó ekki með jafn miklum hraða. Árið 2000 var rúmlega 11 prósent líka brennd á landinu en síðan þá hefur þetta hlutfall tvöfaldast.

Þórsteinn segir ýmsar skýringar á þessari þróun. „Það ýtir eflaust undir þetta að við erum komin

með fallettan duftgarð í Sóllandi,“ segir hann. „En svo líta menn líka til annarra landa þar sem þetta hlutfall er miklu hærra. Svo spilar þessi landnýtingarhugsjón þarna inn í.“

Eins og gefur að skilja tekur duftker mun minna pláss en líkista en hægt væri að koma sex til sjö duftkerum á sama svæði og notað er fyrir eina líkistu.

Heimir Janusarson, umsjónarmaður Gufuneskirkjugarðs, segir



Bæði nýtist landið betur, síðan er auðveldara fyrir ættingja að þurfa ekki að fara á marga staði þegar þeir minnast látinna ættingja...

**ÞÓRSTEINN RAGNARSSON**  
FORSTJÓRI KIRKJUGARÐA REYKJAVÍKUR-  
PRÓFASTSDÆMA

jse@frettabladid.is

Bandarísku geimskutlurnar teknar úr notkun eftir 30 ára starfsferil:

## Síðasta ferð Atlantis vel heppnuð

**FLÓRÍDA, AP** Geimskutlan Atlantis lagði að alþjóðlegu geimstöðinni í gær 386 kílómetrum yfir Kyrrahafinu. Atlantis færir geimstöðinni birgðir sem eiga að endast í eitt ár. Verkefnið er hið síðasta sem framkvæmt verður af geimskutlum NASA, bandarísku geimaferðarstofnunarinnar, en að því loknu verður Atlantis tekin úr notkun, síðust geimskutlanna.

Geimskutlurnar hafa verið í notkun frá árinu 1981 en fimm slíkar voru byggðar á árunum 1979 til 1985. Tvær geimskutlanna, Challenger og Columbia, fórust en aðrar tvær, Endeavour og Discovery, hafa þegar verið teknar úr notkun. Endeavour og Discovery verður ásamt Atlantis komið fyrir á söfnunum á næstunni.

Alls fóru geimskutlurnar fimm

í 135 ferðir út í geim og hafa ferðast samtals lengri vegalengd en sem nemur frá sólinni til Júpíters. Lengsta ferð þeirra varði í 17 daga.

NASA mun í kjölfar síðasta verkefnis Atlantis hætta að koma gervihnöttum og öðru á sporbaug um jörðu. Aðaláhersla geimferða-áætlunar NASA verður nú að vinna að því að koma mönnuðu geimfari fyrst á loftstein en síðar til Mars.

Charles Bolden, forstjóri NASA, segir að Bandaríkin verði áfram fremsta geimferðaríki heims þrátt fyrir endalok geimskutlanna. „Ég hvet bandarískan almenning til að hlusta á forsetann sem hefur sett þau markmið að fara á loftstein árið 2025 og til Mars árið 2030,“ sagði Bolden í gær.

- mþl



**ATLANTIS** Mikil fagnaðarlæti brutust út í höfuðstöðvum NASA þegar Atlantis hafði tekið að tengjast alþjóðlegu geimstöðinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**EKKI** NOTA HVAÐ SEM ER...

SÁPA OG VARNARKREM TIL DAGLEGRAR UMHIRÐU Á KYNFÆRASVÆÐINU EFTIR BREYTINGASKEIÐ



FÆST Í APÓTEKUM, FJARDARKAUP OG HAGKAUP



# NOVA sumar

Komdu við í næstu  
verslun Nova og græjaðu  
þig upp fyrir ferðalagið  
í sumar!

Nova tjaldíð  
er frábær  
ferðafélagi!

**1.990 kr.**



Vertu betur búin(n) í  
vinnuskólanum með nýju  
Nova hanskana!

Fylltu á frelsið fyrir 2.000 kr.  
og fáðu Nova hanska!

**490 kr.**

Stærð S/M



Nú færð þú Lomography  
myndavélarnar hjá Nova!

**9.990 kr.**

Diana mini



**12.990 kr.**

Diana F+ Parisian



Gítargrip.is

Söngbók Nova 2011 er komin út.  
Gríptu með þér eintak í næstu  
verslun Nova!

**0 kr.**

Hittu í mark  
með nýja Nova  
boltanum!

**690 kr.**



URBANEARS heyrnartólin fást í  
mörgum litum í verslunum Nova.

Plattan **9.990 kr.**

Bagis **4.990 kr.**



Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

# NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,  
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919  
[www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter



## GENGIÐ 08.07.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	116,03	116,59
Sterlingspund	185,09	185,99
Evra	165,38	166,30
Dönsk króna	22,17	22,30
Norsk króna	21,349	21,475
Sænsk króna	18,215	18,321
Japanskt jen	1,4247	1,4331
SDR	184,25	185,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,3763

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Naut vinsælda almennings:  
Betty Ford öll

**BANDARÍKIN** Betty Ford, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, lést á föstudag, 93 ára aldri.

Ford er hvað þekktust fyrir meðferðarheimilið í Kaliforníu, Betty Ford Center, sem hún stofnaði árið 1982. Eiginmaður hennar, Gerald Ford, gegndi



BETTY FORD

embætti forseta Bandaríkjanna frá 1974 til 1977.

Betty naut mikilla vinsælda meðal almennings í Bandaríkjunum. Talið er að meðferðarheimili hennar hafi hjálpað um 80 þúsund manns að sigrast á fíkn sinni. Þá var Betty Ford ötull talsmaður kvennabaráttu.

- áþ

Úrskurður Persónuverndar:

## Ekki heimilt að senda viðkvæm gögn í pósti

**PERSÓNUEVRND** Persónuvernd hefur úrskurðað að Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL) hafi brotið gegn reglum um öryggi við meðferð persónuupplýsinga. BUGL sendi viðkvæmar persónuupplýsingar um greiningu á barni með almennum og óvörðum pósti.

Forsaga málsins er sú að Persónuvernd barst í nóvember á síðasta ári kvörtun frá móður eftir að upplýsingar um greiningu barns hennar týndust. Upplýsingarnar voru sendar með almennum pósti. BUGL bar því við að það væri of dýrt að senda slík gögn í ábyrgðarpósti.

- mþl

Leikskólabörnum í Reykjavík fjölga um þriðju hundruð á þessu ári:

## Koma sprengjuárgangnum fyrir

**MENNTUN** Útlit var fyrir að leikskólar Reykjavíkurborgar stæðu frammi fyrir plássleysi í haust. Ástæðan er sú að um 300 fleiri leikskólabörn eru í þeim árgangi sem nú er að koma inn í leikskólana en í þeim sem fer þaðan. Tekist hefur þó að ráða fram úr þessum vanda að sögn Oddnýjar Sturludóttur, formanns menntaráðs.

„Það varð að leggja heillangan kapal til að láta þetta ganga upp,“ segir hún. „Við settum aukinn kraft í byggingu Norðlingaskóla og Sæmundarskóla og þá var hægt að flytja þangað inn skólaláld



FRÁ LEIKSKÓLANUM DVERGASTEINI Menntaráði var vandi á höndum í ár en von er á sprengjuárgangi í haust.

sem farið hafði fram í færanlegum húsum. Þá gátum við fært þau hús á leikskólalóðir og nýtt þau þar fyrir leikskólana. En svo erum við

líka að leigja dagforeldrum húsnæði sem áður var nýtt undir skólalóðana. En þetta dugði ekki til þannig að við gripum líka til þess ráðs að endurskipuleggja skólana okkar þannig að frístundastarfið geti komið þangað inn og þá losnar enn meira húsnæði.“

Á góðærisárinu 2005 fæddust 1.554 börn í Reykjavík en árið 2009 voru þau 1.855. Oddný segir að næsti árgangur sem hefur skólalöngu sína hjá leikskólum Reykjavíkurborgar sé álfika fjölmennur og sá sem nú hefur sína leikskólalöngu.

- jse

Íbúaaðtak í Mosfellsdal:

## Mótmæltu hraðakstri

**SAMFÉLAGSMÁL** Um eitt hundruð íbúar í Mosfellsdal tóku sig saman á föstudag og mótmæltu hraðakstri á svæðinu. Með þessu vildu íbúar vekja athygli á að leyfilegur hámarks hraði er 70 kílómetrar á klukkustund en ekki 90, eins og margir halda. Íbúar hafa margoft kvartað yfir of hröðum akstri en engar hraðahindranir má setja á veginn sem er þjóðvegur 1.

Íbúar hengdu skilti á hvern ljósastaur í dalnum þar sem greina mátti hvatningarorð á borð við „Njóta ekki þjóta“ og „Börn og dýr eru ekki hraðahindranir“.

- áþ

## Upplýsingalög verða skoðuð aftur í haust

Sagnfræðingur gagnrýnir stjórnarfrumvarp um upplýsingalög og segir þau afturhvarf til leyndarhyggju fyrri alda. Formaður Allsherjarnefndar vísar því á bug. Vilji sé fyrir því að opna fyrir enn betra aðgengi að upplýsingum.

**STJÓRNSÝSLA** Fræðimenn, blaðamenn og aðrir sem ekki fara með þau gögn hins opinbera sem undanþegin eru upplýsingarétti, svo sem um fjárhag einstaklinga, í samræmi við fyrirmæli stofnana geta átt yfir höfði sér fjársektir eða allt að þriggja ára fangelsisdóm, samkvæmt frumvarpi um ný upplýsingalög. Frumvarpið liggur nú á borði Allsherjarnefnd Alþingis.



RÓBERT MARSHALL

Björn Jón Bragason sagnfræðingur gagnrýnir frumvarpið í grein sem hann ritar í nýjasta tölublaði Þjóðmála. Hann bendir á að mikill misbrestur sé á að nógildandi upplýsingalögum sé framfylgt þótt þau tryggi í flestu aðgengi almennings að upplýsingum. Frumvarp um ný lög segir hann hins vegar ekki samið í anda nútímalegra viðhorfa þar sem viðtækur réttur einstaklinga til upplýsinga stjórnvalda er tryggður og vísar til fyrrnefndra viðurlaga ef ekki er farið eftir fyrimælum hins opinbera. Ákvæðið telur hann fela í sér tálmun á upplýsingarétti.

„Frumvarpið felur um sumt í sér afturhvarf til leyndarhyggju fyrri alda, en frekari leynd yfir opinberum upplýsingum mun leiða til enn meiri misnotkunar opinbers valds en nú er,“ skrifar Björn.



GRÚSKAÐ Í SKJÖLUM Á ÞJÓÐSKJALASAFNI Sagnfræðingur segir misbrest á að fyrirspurnum hans um opinberar upplýsingar hafi verið sinnt. Allsherjarnefnd Alþingis segir að lagst verði yfir frumvarp um ný upplýsingalög í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

“Frumvarpið felur um sumt í sér afturhvarf til leyndarhyggju fyrri alda...”

BJÖRN JÓN BRAGASON  
SAGNFRÆÐINGUR

Róbert Marshall, formaður Allsherjarnefndar Alþingis, segir margt til bóta í nýju frumvarpi um upplýsingalög frá því sem áður var þótt ekki hafi sérstaklega verið fjallað um viðurlögin. Einkum sé þrennt jákvætt í þeim; þau opni fyrir auknið aðgengi almennings að upplýsingum. Þar á meðal eru upplýsingar um fyr-

irtæki í eigu ríkisins, ákvæði sem opnar fyrir upplýsingar um hæfisskilyrði, launa- og ráðningakjör opinberra starfsmanna auk þess sem stjórnvöldum er skylt að aðstoða viðkomandi í upplýsingaleit ef fyrirspurn er ónákvæm.

„Það eru miklar skoðanir á frumvarpinu í Allsherjarnefnd og menn hafa miklar meiningar um að gera breytingar á því. Þótt margt sé til bóta sem opnar á upplýsingar fyrir almenning og fjölmiðla þá vilja menn ganga lengra,“ segir Róbert. Hann bendir á að málið verði tekið fyrir í heild sinni hjá Allsherjarnefnd í ágúst.

jonab@frettabladid.is



Á SUNDI Axlar-meisli og þungir straumar urðu til þess að Arni þurfti að gefast upp í þetta skiptið.

## Árni Þór Arnason sundkappi: Árni Þór hætti sundi eftir níu og hálfan tíma

**FÓLK** Árni Þór Arnason sundkappi synti í gær 36,5 kílómetra í Ermasundinu en tókst ekki að ljúka sundinu. Hann þurfti að hætta sundi eftir níu og hálfan klukkutíma.

Árni var í góðu ásigkomulagi þegar hann hætti sundi en axlar-meisli og þungir straumar þvinguðu hann til að taka þessa ákvörðun.

Þetta var fyrsta tilraun Árna til að synda Ermasundið en einungis einum Íslendingi hefur tekist að synda yfir sundið. Það gerði Benedikt Hjartarson árið 2008.

- mþl

Níu þúsund komu saman:

## Hátíðin gekk vel

**SUBURLAND** Á þriðja tug fíkniefnamála komu upp á Bestu útihátíðinni sem fram fór á Gaddstaðaflötum við Hellu um helgina. Þá þurfti lögregla að hafa afskipti af fjölda manna vegna líkamsárása. Enginn mun þó hafa slasast alvarlega. Engin kynferðisbrotmál höfðu í gær verið tilkynnt lögreglu.

Lögreglan var með mikla gæslu á svæðinu en gestir voru um níu þúsund. Það er mat lögreglu að hátíðin hafi gengið vel að mestu leyti.

- áþ / sjá síðu 32

## HÓPKAUP.IS Í DAG

Flottir hjólavagnar frá hjolavagnar.is

39.990 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð  
58.000 kr.Aflsláttur  
31%Aflsláttur í kr.  
18.100 kr.

5 viðskiptavinir þarf til að virkja tilboðið




Flottir hjólavagnar fyrir tvö börn sem tengjast auðveldlega reiðhjól. Hægt að nota sem vagn til að yta á undan sér. Til í rauðu og bláu. Flottir, sterkir og léttir.

HÓPKAUP


í krafti fjöldans

hopkaup.is

## VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir  
veðurfréttamaður

**HÁSUMAR** Í dag eru horfur á finasta sumarveðri um allt land en í fyrramálið hvesir við SV- og V-ströndina með litils háttar rigningu. Á miðvikudaginn verður þungbúið S- og V-til og stöku skúrir en norðan- og austanlands verður bjart, hlýtt og hægviðri næstu daga.

Á MORGUN  
Hvesir SV- og V-til.MIÐVIKUDAGUR  
Viða hægviðri en 10-15 m/s SV-til.

## HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	31°
Berlín	24°
Billund	22°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	27°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	26°
London	24°
Mallorca	31°
New York	30°
Orlando	29°
Ósló	20°
París	25°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	22°

Vindhraði er í m/s.  
Hítastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# Rizzo Pizzeria

## Grilldagur í júlí

# 20% afsláttur

**SPICY VEFJA**  
~~990 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **790 KR**

**KJÚKLINGASAMLOKA**  
~~1390 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1120 KR**

**CESAR SALAT**  
~~1590 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1270 KR**

**PIRI PIRI**  
~~1690 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1350 KR**

**TANDOORI KJÚKLINGUR**  
~~1690 KR~~  
JÚLÍVERÐ ▶ **1350 KR**



GRENSÁSVEGI 10

108 REYKJAVÍK

WWW.RIZZO.IS

# 577-7000



## HLAUP Í MÚLAKVÍSL

Samtök ferðabjónustunnar lýsa yfir neyðarástandi:

## Ferðabjónustan um allt land raskast

Samtök ferðaiðnaðarins lýsa yfir neyðarástandi í ferðabjónustu vegna jökulhlaupsins sem hreif með sér brúna yfir Múlavísl á laugardagsmorgun.

Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaiðnaðarins, segir að ferðabjónustuaðilar úti um allt land verði fyrir röskunum af þessum sökum.

„Flestir ferðamenn fara hringinn í kringum landið og nú er strax byrjað að breyta bókunum og við höfum áhyggjur af þeim sem eiga eftir að koma,“ segir hann.

Árni segir að það sé ótækt að þjóðvegur eitt sé lokaður yfir háannatímann í ferðabjónustunni og er þeim tilmælum beint til innanríkisráðherra að hann beiti sér af öllu afli fyrir því að þjóðvegur eitt verði opnaður eins fljótt og kostur

er. Til dæmis með því að vinna á sólahringsvöktum.

Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar, segir að í dag muni koma í ljós hvort þeir ferðamenn sem hafi bókað ferðir hingað til lands muni afpanta ferðir sínar eða hvort þeir muni gera einhverjar aðrar ráðstafanir.

„Hins vegar reynum við að gera allt fyrir okkar kúnna sem hér eru svo að þeir geti haldið sinni ferðaáætlun,“ segir hann. Bergþór var staddur á Kirkjubæjarklaustri þegar Fréttablaðið náði tali af honum og hafði þá verið í óða önn að flytja bíla og ferja fólk svo það gæti haldið ferðaáætlun. Hann segir fyrirtækið hafa yfir tvö þúsund bílum að ráða og nær allir séu bókaðir.

- jse

## Þjóðvegur 1 rofinn vegna hlaups



**FJALLABAKSLEIÐ NYRÐRI** Leiðin er ekki fær fólksbílum en þeir sem geta farið hana beygja inn í Fljótshlíð frá Hvolsvelli. Leiðin er númer F261. Hægt er að hugga sig við það að farið er framhjá hinum sögufræga stað Hlíðarenda.

Útlit fyrir að hægt sé að flytja fólk og bíla yfir ána:

## Vill vað fyrir stærri bíla

Jón Gunnarsson alþingismaður sagði í gærkvöldi að hugsanlega yrði hægt að byrja þá um kvöldið fólks- og bifreiðaflutninga yfir Múlavísl. „Það er hægt að gera vað sem færir er stærri jeppum, öflugum rútum og flutningabílum. Það ætti ekki heldur að vera vandamál að aðstoða rútur og flutningabíla með að komast yfir,“ segir hann.

Til mikils er að vinna en þjóðvegurinn er 1.332 kílómetrar þannig að ef menn vilja aka hann frá Vík í Mýrdal til Kirkjubæjarklausturs þá þurfa þeir að aka 1.259 kílómetra.

Við venjulegar aðstæður eru þó einungis 73 kílómetrar frá Vík að Klaustri. Fjallabaksleið nyrðri er ekki fær fólksbílum en þeir sem eru á betur búnum bílum eru um þrjú og hálf klukkustund að fara þá leið.

Tæplega þrjú tíma tekur að aka frá Kirkjubæjarklaustri til Reykjavíkur en ef farið er um Fjallabaksleið nyrðri má gera ráð fyrir að sú ferð taki vel á sjöttu klukkustund.

Sé leiðin farin frá Höfn í Hornafirði um Fjallabaksleið nyrðri gæti hún tekið um sjö og hálf klukkustund.

- jse



**FRAMKVÆMDIR VIÐ MÚLAKVÍSL** Mest riður á tækjavinnunni nú segir vegamálastjóri. Þegar búið er að gera plön fyrir birgðir og tæki verður líklegast unnið á sólahringsvöktum við brúargerðina.

MYND/PÓRR N. KIARTANSSON

## Kalla starfsmenn úr sumarleyfi til vinnu

Engin skjótari lausn er til að brúa Múlavísl segir vegamálastjóri en brúargerðin mun taka tvær til þrjár vikur. Framkvæmdin gæti kostað 500 milljónir.

Vegagerðin hefur kallað hátt í tuttugu manns úr sumarfrí til að vinna að smíði nýrrar brúar yfir Múlavísl. Engin fljótverkari lausn er til við þessar aðstæður en að reisa nýja brú og það tekur um tvær til þrjár vikur, segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

Baldvin Einarsson byggingaverkfræðingur tekur í sama streng og bætir við að þó víða erlendis hafi menn náð að setja niður brýr á nokkrum dögum þá sé það ekki hægt í beljandi jökulá.

Hreinn segir að enn sé ekki byrjað að vinna á sólahringsvöktum. „Það er verið að safna fólki saman,“ segir hann. „Margir voru komnir í frí og þar af nokkrir staddir uppi á hálendi. Þeir eru á leið til byggða. Nú liggur mest á að hefja véla- og tækjavinnu, búa til plön til þess að geyma byggingarefni og einnig plön þaðan sem hægt verður að reka niður undirstöðurnar. Þegar því er

„Þetta er brú sem þarf að taka alla þungaflutninga og standa af sér jökulvatnið jafnvel fram á næsta vor þannig að það er ekki hægt að kasta upp einhverri hrákasmíð.“

HREINN HARALDSSON  
VEGAMÁLASTJÓRI

lokið geri ég ráð fyrir að unnið verði á sólahringsvöktum,“ segir Hreinn og ítrekar að brúargerð af þessu tagi verði ekki hrist fram úr erminni.

„Þetta er brú sem þarf að taka alla þungaflutninga og standa af sér jökulvatnið jafnvel fram á næsta vor þannig að það er ekki hægt að kasta upp einhverri hrákasmíð.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að gerð mann-

virkisins mun kosta á bilinu 400 til 500 milljónir króna. „Mér fannst mjög traustvekjandi að fylgjast með vinnubrögðum Vegagerðarinnar frá fyrstu stundu. Allur undirbúningur var fúlaus og markviss,“ segir hann. Ögmundur segist þó hafa fullan skilning á því að fólk sem hafi atvinnu af ferðabjónustu hrylli við tilhugsuninni um að hringvegurinn verði lokaður í tvær til þrjár vikur.

Hægt er að komast framhjá Mýrdalsjökli með því að fara Fjallabaksleið nyrðri. Hún er hins vegar ekki fær fólksbílum og fyrir betur búna bíla tekur það um þrjár og hálf klukkustund að fara þá leið.

Þjóðvegurinn rofnaði síðast árið 1996 en þá varð mikið hlaup í Skaftá. Þá tók það þrjár vikur að gera nýja brú. Þetta var um miðjan vetur svo ekki urðu ferðabjónustuaðilar fyrir miklum skakkaföllum þá.

jse@frettabladid.is

Hlaupið í Múlavísl á laugardag kom úr þremur þekktum kötlum:

## Enn óvíst hvort það varð eldgos

Hlaupið í Múlavísl varð aðfaranótt laugardags og var hættustigi lýst yfir vegna þess snemma á laugardagsmorgun. Fyrst kom smáhlaup sem náði upp undir brúna yfir Múlavísl og nokkru seinna kom stóra hlaupið sem tók 128 metra langa brúna með sér.


Fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins voru opnaðar í Grunnskólanum í Vík og í Kirkjubæjarskóla á Kirkjubæjarklaustri. Rýmt var í Álftaveri, Meðalandi og Þakgili. Fólk mátti snúa til síns heima strax á laugardagseftirmiðdag og hættustigi var breytt í óvissustig. Aðeins hluti Mýrdalsjökuls er enn skilgreindur sem hættusvæði.

Hlaupið kom úr þremur þekktum sigkötlum í Mýrdalsjökli en einn nýr myndaðist að auki.

Jarðskjálftamælar sýndu greinilegan óróa frá klukkan hálfátta á föstudagskvöld en hann jókst verulega skömmu eftir tíu. Um klukkan fimm á laugardagsmorgun fór að draga úr óróanum.

Vísindamenn frá Jarðvísindastofnun tóku sýni úr hlaupvatninu á laugardag og í gær. Með því að rannsaka vatnið er vonast til að hægt sé að komast endanlega að því hvort aðeins var um hlaup að ræða eða hvort lítið eldgos varð undir jöklinum.

- þeb



**SIGKETILL** Landhelgisgæslan flaug með vísindamenn yfir jökulinn og voru sigkatlar og göt í ísbreiðunni greinileg. Askan úr Grímsvatnagosinu liggur yfir jöklinum öllum.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN



**BMW M5** 507 hö. Verð 11.900 þús.

Nýskráður 02.2008 - ekinn 20 þús.

Staðgreitt 8.900 þús.

Leðurinnrétting, active sportsseti, Xenon ökuljós, Bluetooth símfærni, 19" álfelgur, vetrardekk á 18" álfelgum, aksturstólva, toppluga, rafmagnslokun á hurðum, hiti og kæling í sætum o.m.fl. Innfluttur nýr af umboði.

**Bilabú**  
**Benha**

Notaðir bílar  
Bíldshöfða 10 - Sími 587 1000



# Nýjar golfvörur á góðu verði

Afsláttur af golfboltum í heilum kössum



**Lynx**  
GOLFOVÖRUR

**JOHN LETTERS**

**Golfkylfur og pokar**

Nýjar sendingar komnar með golfsettum, driverum, rescue-kylfum, pokum o.fl. frá þessum þekktu framleiðendum.

## Golfkerrur

Tveggja hjóla kerrur frá kr. 6.990  
Þriggja hjóla kerrur frá kr. 17.900  
Rafmagnskerrur frá kr. 84.900

## Golfskór

Vandaðir vatnsvarðir leðurskór. Mjög gott úrval fyrir konur og karla.

**HI-TEC**



Verð frá kr. 12.900. Einnig Nike dömuskór kr. 14.990.



Ryder lið Evrópu og USA völdu Pro Quip regnfatnað. Gott úrval af regnfatnaði fyrir dömur og herra.

**Hi-Tec regngalli (jakki og buxur) kr. 19.900**

**Golfbolir og þunnar flíspeysur frá kr. 3.990**

**BRIDGESTONE**

**HIPPO**

*Titleist*

**PING**

**NIKE GOLF**

**PINNACLE**  
HIT IT LONG. HIT IT STRAIGHT.

Opnunartími  
**virka daga**  
**11 til 18**

# Golf outlet

Ármúla 40 • Sími 553 9800 • Opnið virka daga 11-18.  
**HÖFUM FLUTT Á 1. HÆÐ Í SAMA HÚSI!**

# Hjólum saman í sumar - það er líka ódýrara



**SCOTT Sportster 60**  
Hybrid hjól með 21 gír, álstelli og dempara að framan.

Verð: **79.900 kr.**



**Norco Orn**  
21 gíra með dempara og álstelli.

Verð: **59.900 kr.**



**Norco Eliminator 20"**  
Fyrir 6-7 ára, létt álstell, 12 gírar með demparagaffli og góðum bremsum. Einnig til stelpuhjól.

Verð 39.900 kr. Tilboð: **33.915 kr.**



**Norco Diva 24"**  
Fyrir 8-10 ára, létt ástell, 18 gírar með demparagaffli og góðum bremsum. Einnig til strákahjól.

Verð 44.900 kr. Tilboð: **38.165 kr.**



**Norco Malahat 28" Comfort**  
Hybrid hjól, létt ástell, 21 gír, dempari að framan og í sæti, góðar bremsur.

Verð: **79.900 kr.**



**Norco Pinnacle**  
Svart og rautt, 21 gíra með dempara og álstelli.

Verð: **59.900 kr.**

Varahlutir og viðgerðapjónusta.

**MARKID**

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40



## FRÉTTASKÝRING: Erfðafræði og rannsóknir á laxi í sjó

## Bylting í rannsóknum á laxi í hafinu

Mörgum spurningum er ósvarað um íslenska laxastofna. Ein þeirra hefur verið hver afföll laxa eru af mannavöldum á meðan hann dvelur í hafinu. Bylting í erfðatækni hefur nú fært vísindamenn nær svarinu.

Það er ekkert nýtt að menn hafi áhyggjur af afföllum villtra laxa í sjó. Strax árið 1932 var það bundið í lög hérlendis að slíkar veiðar væru ólöglegar. Var þar horft til netaveiða fyrst og síðast. Eftir það var veitt frá strönd frá nokkrum jörðum sem áttu slíkan rétt frá fyrri tíð. Þessi réttindi hafa verið keypt upp og frá árinu 1997 hefur engin laxveiði verið stunduð í sjó við strendur landsins.

Með tilkomu öflugra skipa með nær ótakmarkaða veiðigetu vaknaði spurningin um hvort, og þá í hversu miklu magni, lax væri drepinn sem meðafla. Er þar átt við lax sem kemur í veiðarfæri sjómanna á veiðislóð mikilvægra nytjastofna. Auðvitað var vitað að lax veiðist með þessum hætti enda eru gjöfug fiskimið beitar-svæði laxa í hafinu. Hins vegar var lengst af talið að meðafla laxa í veiðum í sjó hér við land væri lítil og hverfandi þegar litið er til heildar fiskgengdar í ár á Íslandi sem er metin á bilinu 70 til 80 þúsund fiskar. Þar af veiðast á bilinu 50 til 70 prósent, er mat vísindamanna hjá Veiðimála-stofnun.

## Stóra spurningin

Alþjóða laxaverndarsamtökin (NASCO) fóru þess á leit við Alþjóða hafrannsóknaráðið (ICES) árið 2004 að upplýsinga um lax sem meðafla í sjó yrði aflað með skilvirkari hætti en áður hafði verið gert. Við þessu var brugðist og ICES lagði línuna um aðferðafræði slíkra rannsókna. Sérstaklega var horft til uppsjárveiða enda ekki að furða. Lax heldur sig helst í efstu lögum sjávar við fæðuleit, eða á sömu slóðum og sá nytjafiskur sem skipin eru að elta við með flotvörpu eða nót. Þekkt eru dæmi af Íslandsmiðum um fjölda laxa sem veiðst hafa við síldar- og loðnuveiðar. Árið 2002 er staðfest að 200 laxar veiddust sem meðafla í 800 tonna síldarfarmi íslensks skips, svo dæmi sé tekið. Hins vegar er það dæmi undantekning en ekki regla.

Árin 2004 til 2006 voru á þessum grunni gerðar rannsóknir

fyrir tilstuðlan Veiðimálastofnunar og Landssambands veiðifélaga á laxi sem meðafla á íslenska fiskiskipaflofanum. Beitt var spurningalistum til sjómanna sem IMG-Gallup hafði umsjón með; gerð könnunarinnar, úrvinnslu og samantekt gagna.

## Óvænt svar

Til að gera langa sögu stutta voru niðurstöður rannsóknarinnar þær að sá fjöldi laxa sem kom fram var mun hærri en búist var við og undirstrikar mikilvægi rannsóknarinnar á þeim tíma. Á árinu 2005 var sá fjöldi metinn 5.110 laxar sem var um ellefu prósent af afla laxa úr íslenskum ám það ár, eins og kom fram í skýrslu Guðna Guðbergssonar og Óðins Sigþórssonar árið 2007. Settir voru fyrirvarar, eða öryggismörk, sem mátu afföllin 3.165 til 7.055 fiska. Hlutfallslega flestir þessara laxa veiddust yfir sumartímamann, utan íslenskrar lögsögu.

Á þeim tíma sem rannsóknin var gerð vöknudu spurningar um hvað þetta þýddi fyrir íslensku árnar; viðkomu laxastofnana og tap fyrir hina miklu auðlind sem laxveiði á stöng er orðin. Því var mikilvægt, en útilokað á þeim tíma, að staðfesta hvert laxinn átti uppruna sinn að rekja.

## Evrópuverkefni

Fyrir þremur árum hófst stórt rannsóknarverkefni sem snýr að því að rannsaka lax í sjó og hvað veldur afföllum hans þar. Flest Evrópulönd sem hafa laxastofna taka þátt í verkefninu sem kallast Sal-


Þá kemur í ljós að lax sem hefur verið að veiðast í kringum landið er að litlum hluta frá Íslandi.

SIGURÐUR GUÐJÓNSSON  
FORSTJÓRI VEIÐIMÁLASTOFNUNAR

sea-Merge. Veiðimálastofnun og Matis taka þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd.

Beitt er nýstárlegum aðferðum. Löxum var safnað úr ám, þeir erfðagreindir og upplýsingunum komið fyrir í gagnagrunni. Ef lax veiðist í sjó er hann erfðagreindur og síðan borinn saman við gagnagrunninn. Þannig er hægt að rekja laxinn til síns heima. Hinn þáttur verkefnisins felst í því að laxi var safnað í sjó með rannsóknarskipum. Vegna

## Fæðugöngur laxa í Norður-Atlantshafi og veiði í rannsóknum



LAX Í NORÐUR-ATLANTSHAFI Áralangar hugleiðingar um afföll íslenskra laxastofna vegna loðnu-, síldar- og makrílveiða við landið hafa reynst ástæðulausar, að því er virðist. Lax sem veiðist hér við landið kemur frá Noregi, Bretlandi og Frakklandi.

HEIMILD/GÖGN SIGURÐAR GUÐJÓNSSONAR VEIÐIMÁLASTOFNUNAR



takmarkaðs fjármagns var laxi einungis safnað úr austur Atlantshafi frá

Bretlandseyjum og norður fyrir Færeyjar. Þetta þótti vísindamönnum á Íslandi súrt í broti þar sem miklar líkur eru taldar á að mikilvæg uppeldissvæði fyrir laxinn okkar af Vestur- og Suðurlandi sé að finna suðvestur af Íslandi á svokölluðu Irmingersvæði yfir Reykjanesryggnum. Einnig varð útundan svæði í Norðaustur-Atlantshafi en þar er líklega laxinn okkar af Norður- og Austurlandi auk norskra og rússneskra laxa.

## Makríllinn veldur straumhvörfum

Því fór Veiðimálastofnun, í samstarfi við Matis og Hafrannsóknastofnunina, aftur af stað fyrir þremur árum með sérstakt verkefni í að safna laxi sem veiðist sem meðafla íslenskra skipa. Árangur var nokkur í fyrstu en Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, veitir verkefninu forstöðu.

Á sama tíma bregður svo við að makríll gengur inn á Íslandsmið í miklu magni og Fiskistofa hóf sérstakt eftirlit með veiðum íslenskra skipa úr þessum nýja nytjastofni. Það átti meðal annars við um meðafla. Vegna þessa fór Veiðimálastofnun að berast mikið af sýnum frá Fiskistofu, aðallega af skipum sem vinna aflann um borð eða landa til vinnslu til manneldis. Nú hafa safnast um 200 sýni í þessu séríslenska verkefni.

## Ekki Íslendingar

„Þetta þýðir að þegar lax veiðist í sjó getum við rakið hann heim til sín í langflestum tilfellum. Þetta nýttum við okkur og erum búnir að rekja meirihlutann af okkar sýnum heim. Þá kemur í ljós að lax sem hefur verið að veiðast í kringum landið er að litlum hluta frá Íslandi.“

Sigurður segir að laxinn sem veiðist sé aðallega frá Bretlandseyjum, Frakklandi og Noregi þó hann veiðist innan fiskveiðilög-

sögu Íslands. „Það þýðir að þessi fiskur er hér að éta eða á leið á fæðuslóð við Austur og Vestur Grænland. Hér erum við að nýta nýjustu tækni í erfðafræði og þegar er búið að greina fjögur þúsund sýni við þessar rannsóknir. Í allt eru einungis um tuttugu laxar frá Íslandi. Nú eru hins vegar laxarnir orðnir svo margir að mynd er tekin að birtast en þó þarf verulega að bæta söfnun á þeim svæðum sem skil-in voru eftir. Frekari sýnasöfnun frá íslensku hafsvæði er því sérlega mikilvæg.“

## Bylting

Sigurður segir að í raun sé um byltingu að ræða við að afla vitneskju um lífríkið í hafinu með tilliti til laxastofna en niðurstöðurnar segja ekki mikið um afföll úr íslensku stofnunum. Sýnin sem við höfum hafa bætt gríðarlega miklu við. Nú vitum við að hér er á ferðinni fiskur frá sunnanverðri Evrópu á vesturleið,“ segir Sigurður.

Mikilvægt er að safna frekari upplýsingum um laxa veidda í sjó, uppruna þeirra, aldur, fæðu og ástand. Skráning og söfnun upplýsinga um þessa laxa sem nú eru skráðir í erfðafræðigrunninn verður því mikilvægari sem fleiri sýni safnast. Hver lax telur hratt þegar svo mikil vitneskja er þegar fyrir hendi. Almennt er þekking á sjávardvöl laxa af skornum skammti og „veiði menn lax með öðrum fiski þá er mjög dýrmætt að fá þau sýni til rannsókna,“ segir Sigurður.


## Hafrannsóknir

Hvað frekari rannsóknir varðar ber að líta til þess að makrílveiðin skilar mörgum löxum inn í verkefnið. Þá er mikilvægt að sjómenn séu duglegir við að greina frá því þegar lax kemur inn á þeirra skip. Eins má hugsa sér að hægt sé að samnýta í ríkari mæli rannsóknaleiðangra Hafrannsóknastofnunar suður og vestur af landinu til að fylla upp í þá mynd sem þegar er komin. Þetta felur þó ekki þá staðreynd að fjárveitingavaldið verður að sýna þessum rannsóknum skiln-

## Sýnataka fyrir erfðagagnagrunn laxa

Sýnataka vegna erfðagagnagrunns laxa á Íslandi var alfarið í höndum Veiðimálastofnunar. Sýnatökustaðir voru 26 í fyrstu. Síðar voru tekin aukasýni í ellefu ám til viðbótar. Sýnin vegna rannsóknarinnar voru alls 3.480.

Laxveiðiar á Íslandi eru taldar vera á bilinu 110-120.



- |                   |                 |
|-------------------|-----------------|
| 1. Blanda         | 13. Miðfjarðará |
| 2. Dalsá          | 14. Reykjadalá  |
| 3. Hafralónsá     | 15. Selá        |
| 4. Haukadalsá     | 16. Sogjökull   |
| 5. Hofsa          | 17. Svalbarðsá  |
| 6. Hvítá efst     | 18. Svartá      |
| 7. Kálfá          | 19. Vesturdalsá |
| 8. Krossá         | 20. Ölfusá      |
| 9. Laxá í Aðaldal | 21. Grímsá      |
| 10. Laxá í Dólum  | 22. Kjarrá      |
| 11. Leirvogsa     | 23. Langá       |
| 12. Litla-Laxá    | 24. Litla-Pverá |
|                   | 25. Elliðaár    |
|                   | 26. Langadalá   |

ing. Á það reyndar við um allar hafrannsóknir við Ísland. Því þó öfugsniúð sé þá hefur öll þessi vitneskja um lax hér við landið gert spurninguna um hvar íslenski laxinn heldur sig enn áleitnari. Og ekki síður hversu mikil afföll verða á íslenskum laxastofnum í hafinu af mannavöldum.

Svarar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



**KRYDDSMJÖR**  
gerir grillmat að hreinu lostæti!

HANDHÆGAR UMBÚÐIR



**Electrolux**  
**ESF-66814XR Uppþvottavél**  
 Toppmódel frá Electrolux. XXL að innan, pláss fyrir allt að 34 cm diska, potta og aðra stóra hluti.  
 ✓ Ofurhljóðlát, aðeins 45 dB(A)  
 ✓ Nýr bytingarkenndur þvottarmur  
 ✓ 7 þvottakerfi þ.á.m. 2 hraðkerfi, glasakerfi og pottakerfi  
 ✓ Sjálfvirkir kerfi 45-70°C  
 ✓ Margbreytanleg innrétting  
 ✓ DryTech öflug þurrkun  
 ✓ Spórnborð falið að ofanverðu  
 ✓ Skjár að framan  
 ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu  
 ✓ Fingrafararfrítt stál  
 ✓ Verð áður kr 169.900

**AAA EINKUNN**  
**HLJÓDLÁT 45 dB**  
**HRADVAL**  
**ÞVOTTA-ARMUR**



**TOPPMÓDEL**  
**XXL AÐ INNAN**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**139.900**  
 SPARAÐU 30.000

**ZANUSSI**  
**ZWQ-5128 Þvottavél**  
 Topphlaðin þvottavél sem lítið fer fyrir og með hjólabúnaði svo að hægt er að læra á auðveldan hátt.  
 ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði  
 ✓ Ný tromla sem gerir þér kleift að fjarlægja aðskotahluti  
 ✓ Mörg góð kerfi þ.á.m. hraðkerfi, ullakerfi og handþvottakerfi  
 ✓ Seinkun á gangsetningu 3,6,9 klst  
 ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu  
 ✓ HxBxD: 85x40x60 cm  
 ✓ Verð áður kr 119.900

**5,5 KG**  
**1200 SNÚNINGA**  
**AAB EINKUNN**  
**40 CM BREID**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**99.900**  
 SPARAÐU 20.000

**AEG**  
**LN-69260N Þvottavél**  
 Vönduð þvottavél hlaðin þægindum. Sérniðin þvottakerfi og sérlega gott ull- og handþvottakerfi.  
 ✓ Hraðval 3D-55% tímasparnaður á algengum kortum  
 ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhráði  
 ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullakerfi og handþvottakerfi  
 ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.  
 ✓ Tímaskjár  
 ✓ Ofnæmisskölun möguleg  
 ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu  
 ✓ Verð áður kr 124.900

**6 KG**  
**1200 SNÚNINGA**  
**AAB EINKUNN**



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**94.900**  
 SPARAÐU 30.000

**AEG**  
**LN-89480A3 Þvottavél**  
 Toppmódel með kolalausum mótör og í A++ orkuflökki, A þvottahæfni og topp einkunn fyrir þvottavindu. Þvottavog fyrirbyggir ofhleðslu og ráðlaggur rétt magn þvottaefnis.  
 ✓ LCD upplýsingaskjár  
 ✓ Sérstök blettameðhöndlun  
 ✓ Kolalaus Silence interval mótör er hljóðlátari og endist lengur  
 ✓ Innbyggð LED tromluþýsing  
 ✓ FastWet þvottatækni  
 ✓ Hljóðlát og hljóðdempuð, aðeins 49 dB(A) í þvotti  
 ✓ Hraðval og tímaskiðgun  
 ✓ Verð áður kr 179.900

**8 KG**  
**1400 SNÚNINGA**  
**AAA EINKUNN**  
**KOLALAUS MÖTÖR**  
**7 KG ÞVOTTA-VOG**



**TOPPMÓDEL**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**159.900**  
 SPARAÐU 20.000

**cloer**  
 Glæsileg brauðrist í háglans svörtu og stáli. Verð áður kr 6.990

**MALAR ÍS**  
 Flott nákvæm eldhúsvog með glerpötu fyrir allar skálar. Tekur mest 5 kg. Verð áður kr 4.990

**DOMO**  
 Stórt & öflugt mínúsupgrill með 2000W elementum sem tryggir að safinn lokist inni kjötinu svo það haldist meyr og júlíngt. Hitastær 90-230°C. Hentar fyrir allar gerðir af kjöti, pannini, samokkur þ.á. Verð áður kr 16.990

**XXL**  
 9.990  
 41% AFSLÁTTUR

2.495  
 50% AFSLÁTTUR

**TRISTAR**  
 5.990  
 40% AFSLÁTTUR

**TRISTAR**  
 2.495  
 50% AFSLÁTTUR

**exquisit**  
**KS-301RV Kælikápur**  
 Stór kælikápur án frystis  
 ✓ 300 lítra kæli (nettó)  
 ✓ Sjálfvirk afþrýsting  
 ✓ HxBxD 169x55x60 cm  
 ✓ Verð áður kr 89.900



**169 CM HÁR**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
 SPARAÐU 20.000

**exquisit**  
**KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur**  
 Stór kæli- og frystiskápur með bjartri lýsingu.  
 ✓ 273 lítra kæli og 70 lítra frystir (nettó)  
 ✓ Sjálfvirk afþrýsting í kæli  
 ✓ HxBxD 177x55x60 cm  
 ✓ Verð áður kr 99.900



**177 CM HÁR**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**79.900**  
 SPARAÐU 20.000

**VERÐVAKT RAFHA**  
**KÝLUM NIÐUR**  
**VERÐIÐ**

**Electrolux**  
**EKF-7000 Kaffivél**  
 Alvöru kaffivél sem hitar vatnið uppí 96°C. Fékk bestu einkunn í gæðakönnun sænsku neytendasamtakanna TestFakta.  
 ✓ 1400W hraðhitaelement  
 ✓ Timer/klukka sem hægt er að stíla fram í tímann.  
 ✓ AutoOff slekkur sjálfkrafa á sér eftir 2 tíma  
 ✓ Aroma stilling tryggir betri bragðgæði  
 ✓ Lagar alltaf 10 bólla  
 ✓ Verð áður kr 17.990

**96°C HEITT**

Fékk hæstu einkunn hjá **TestFakta**

**%**  
**VERÐVAKTIN**  
 Við fylgjumst grannt með keppnautum okkar og höfum lækkað verðið!

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**12.990**  
 28% AFSLÁTTUR

**exquisit**  
**KB-45 Kælikápur**  
 ✓ Rúmmál kælis 40 lítrar nettó og lítið  
 ✓ 6 lítra frystihólf  
 ✓ Orkuflökki A  
 ✓ HxBxD: 51x44x47 cm  
 ✓ Verð áður kr 34.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**24.900**  
 SPARAÐU 10.000

**95 LÍTRAR**

**exquisit**  
**GT-111 Frystikista**  
 95 lítra frystikista í topporkuflokki A+  
 ✓ Hitastillir  
 ✓ 1 grind fylgir  
 ✓ HxBxD: 86x54x54,5 cm  
 ✓ Verð áður kr 59.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**39.900**  
 SPARAÐU 20.000

**Rafha ehf.**  
 Opið virka daga 10-18  
 Lokað laugardaga í júlí & ágúst  
 Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
 Sími 5880500  
**www.rafha.is**



Óvissan ríkir enn um sinn.

## Stöðugleika beðið

Óvissa um framtíðina setur víða mark sitt á þjóðfélagið. Fyrirtæki og fjárfestar halda að sér höndum og merki um að almenningur geri það líka. Leiðarahöfundur hitti nýverið mann í leit að leiguhúsnæði. Án þess að vera í nokkrum kröggum kvaðst maðurinn alls ekki fremur leita sér að húsnæði til eignar. Slíkt léti hann ekki koma sér í hug fyrr en við værum hér laus við verðtryggingu og komin í eðlilegt vaxtaumhverfi, líkt og þekktist í nágrannalöndunum. Stendur þá bara eftir spurningin um hversu lengi í viðbót hann muni þurfa að bíða.

### SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson  
olikr@frettabladid.is



Efnahagssaga Íslands hefur frá upphafi einkennst af sveiflum. Uppspretta óstöðugleikans er þekkt, en rættugi fram í gjaldmiðlinum. Fullyrðingar um að ábati sé af því að vera með gjaldmiðil sem geti veikst hafa verið hraktar, meðal annars

í skrifum Þórarins G. Péturssonar, aðalhaf fræðings Seðlabankans. Kostnaðurinn er meiri en ábatinn og hann ber almenningur í hvert sinn sem honum er smurt ofan á lán hans, áratugi fram í tímann.

Meira að segja í gjaldeyrishöftum virðist ekki hægt að láta íslensku krónuna styðja við almenn lífskjör í landinu. Fyrir helgi benti Greining Íslandsbanka á að nú stæði sem hæst annatími vegna erlendra ferðamanna, gjaldeyrisinnstreymi væri með mesta móti og samt veiktist krónan. Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar sem birt var á föstudag er svo gert ráð fyrir verðbólga haldi áfram að aukast. Í lok þessa árs er gert ráð fyrir að hún verði komin yfir fimm prósent.

Um leið er áréttað að fyrst og fremst séu það kostnaðarhækkunar sem einkenni verðbólgu í hagkerfinu, fremur en undirliggjandi verðbólguþrýstingur. Þrátt fyrir það hótar Seðlabankinn vaxtahækkunum til að bregðast við verðbólguþrýstingi í nýlegri greinargerð sinni til ríkisstjórnarinnar. Og það þrátt fyrir þá skoðun Gyfya Zoëga, hagfræðiprófessors og peningastefnunefndarmanns í Seðlabankanum, að hærri vextir komi til með að magna kreppuna. Þeir geri ekki annað en að auka kostnað fyrirtækja, sem þá velti honum út í verðlag, um leið og lántökur verði erfiðari og þar með minna um framkvæmdir.

Má því vera ljóst að ekki sér fyrir endann á þeirri lönguvitleysu sem íslensk efnahagsstjórn er og hefur verið. Helsta ljósglætan í íslenska efnahagsmyrkrinu er falin í aðildarviðræðum landsins við Evrópusambandið. Fá samninganefndir til þess frið kemur þá loksins til með að liggja fyrir að hverju landið gengur og hægt að leggja eitthvað vitrænt mat á kost og löst við aðild.

Um leið liggur fyrir að myntsamstarf við Evrópusambandið og á endanum upptaka evru virðist vænlegust til þess að losa landann undan oki verðtryggingar og okurvaxta, þótt um leið kunni hún að leggja ráðamönnum auknar byrðar á herðar við ábyrga efnahagsstjórn.

Í maílok sagði forsætisráðherra að fullbúinn aðildarsamningur gæti legið fyrir í lok næsta árs. Mögulega gæti maðurinn í leiguhúsnæðinu því farið að huga að íbúðarkaupum innan fárra ára og aðrir hugað að skuldbreytingu í stöðugra efnahagsumhverfi. Enn um sinn mun þó óvissan ríkjá, að minnsta kosti þar til samningur liggur fyrir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## NJÓTTU SUMARSINS

### TILBOÐSDAGAR

**ÆGIR TJALDVAGN**  
með fortjaldi  
1.279.000.  
\*Afsláttur -200.000.  
**Verð kr. 1.079.000.**

**PALOMINO COLT**  
með fortjaldi  
2.559.000.  
\*Afsláttur -369.000.  
**Verð kr. 2.190.000.**

**KÍKTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP**

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Eyjarlóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Óvinir á þingi

Óssur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er vinmargur stjórnmaður og ná tengsl hans langt út fyrir eigin stjórnmaflokki. Einn er þó sá þingmaður öðrum fremur sem kann illa við Óssur, Vigdís Hauksdóttir þingkona Framsóknarflokksins. Reglulega hefur slegið í brýnu á milli Óssurar og Vigdísar á þingi en Vigdís hefur verið afar gagnrýnin á aðildarviðræður Íslands við ESB.



#### Vandlæting

Vigdís skrifar reglulega greinar í

Morgunblaðið og enn ein birtist á laugardag. Stefið var kunnuglegt; embættisfærslur og ummæli Óssurar Skarphéðinssonar. Kom eftirfarandi þar meðal annars fram: „Hví situr þjóðin uppi með þennan vanhæfa utanríkisráðherra? – sem var ráðherra í hrunstjórninni – og er handónýtt vörumerki á alþjóðavettangi. Þvílík örlög heillar þjóðar?“ Þetta kallar maður vandlætingu.

#### Stjórn mála „mastermind“

Nafnlaus grein birtist á Evrópuvaktinni, vefsíðu Björns Bjarnasonar og Styrmis Gunnarssonar,


í gær þar sem höfundur veltir fyrir sér hvernig pólitíkin gæti þróast næstu misserin. Í lok greinarinnar segir höfundur meiri líkur en minni á því að nýtt stjórn málaafi komi fram í næstu þingkosningum. Því næst segir í greininni: „Hver er „the mastermind“ á bak við Beza flokkinn? Hingað til



hefur almennt verið litið til Jóns Gnarr í því sambandi en hver ætli hlutur Bjarkar Guðmundsdóttur söngkonu sé í því?“ Það er nefnilega það, veit hinn nafnlaus greinarhöfundur eitthvað sem við hin vitum ekki?

magnusl@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Markaðsverð kvóta og ný úthlutun

### Sjávarútvegur



Kristinn H. Gunnarsson  
fyrirverandi alþingismaður

Aftur hefur lægt eftir snarpan storm-sveip í flestum fjölmöldum landsins gegn öllum breytingum á kvótakerfinu. Í nokkra daga var látið eins og 4 hagfræðingar og einn viðskiptafræðingur væru handhafar sannleikans. En svo er ekki. Allt frá 1998 hefur um ¾ þjóðarinnar verið óánægð með kerfið samkvæmt könnunum Gallups. Fjórðungur kjósenda hefur viljað leggja niður kerfið, um 60% breyta því en aðeins um 15% hafa stutt það óbreytt. Í síðustu alþingiskosningum veitti þjóðin tveimur stjórnmaflokki hreinan meirihluta á Alþingi til þess að framfylgja stefnu sinni um róttækar breytingar á kerfinu. Vandræði ríkisstjórnarinnar og innantökur við kvótafrumvörpin eru vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa hoptað frá stefnu sinni og orðið viðskila um stund við kjósendur sína. Ríkisstjórnin hefur ekki umboð til þess að framlengja óbreytt um 22 ár í öllum meginatriðum núverandi kvótaúthlutunarkerfi. Hún var kosin því til höfuðs. Stjórnarflokkarnir eiga ekki að deyrja inn í hagsmunagæslu LÍÚ. Það eru aðrir flokkar sem þar liggja fyrir á fleti, sér til skaða.

Almenningur hefur gefið skýra vísbendingu um inntak breytinganna, nú síðast í könnun MMR sem birtist í maílok síðastliðinn. Það er tvennt sem stendur upp úr.



Stjórnarflokkarnir eiga ekki að deyrja inn í hagsmunagæslu LÍÚ.

Fyrri atriðið er að þeir sem fá kvóta úthlutað eiga að greiða til ríkisins markaðsverð fyrir hann. Ríflega 71% svarenda vilja það og aðeins 14% eru ósáttmála því. Þjóðin vill ekki að kvótahafar geti auðgast á kvótasölu. Þeir eiga að efnast á fiskveiðum. Meirihluti kjósenda allra flokka vill að ríkinu verði greitt markaðsverð fyrir kvótann. Hverfandi stuðningur er við núverandi fyrirkomulag, þar sem útgerðarmenn greiða

smámuni til ríkisins fyrir leyfið og framselja það svo öðrum fyrir stórfé. Seinni breytingin, sem almenningur vill, er að ljúka núverandi úthlutun og að kvótanum verði öllum úthlutað eftir nýjum og breyttum reglum. Nærri 65% þjóðarinnar vill það, en aðeins 21% ekki. Fyrirmælin eru alveg skýr: ríkið fái markaðsverð fyrir kvótann og úthlutun hans verði í nýju kerfi byggðu á markaðsfyrirkomulagi. Þetta er ekki flókið. Sáttin á að vera við þjóðina.



# „Látum þá alla svelgja okkur“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Andstæðingar þess að niðurstaða fáiast í aðildarviðræður Íslands að ESB skiptast í þrennt. Í fyrsta flokknum eru þeir sem andstæðir eru viðskiptafrelsi og frjálsri samkeppni í viðskiptum almennt og yfirleitt en aðhyllast fremur áætlunarbúskap í einhverri mynd.

Í öðrum flokknum eru þeir sem vilja sitja einir að viðskiptum hér, vilja varðveita einokunarstöðu til að nytja að vild tvær óþrjótandi auðlindir: fiskinn í sjónum og buddu íslenskra neytenda. Eins og gefur að skilja hefur þessi flokkur óþrjótandi fjármagn til að halda úti hvers kyns áróðri.

Í þriðja flokknum eru þjóðernissinnarnir. Þeir sem enn hafa ekki hrist af sér stórveldisdrauma útrásaráranna um sér- eðli Íslendinga, sérstakt hlutverk Íslendinga á jörðinni og þá miklu gróðavon sem fólgin sé í því að vera Íslendingur. Þessir menn telja að Íslendingar eigi síður samleið með lýðræðis- þjóðum Evrópu en einræðis- og trúræðisríkjum Asíu – þau eru nefnilega svo rík. Helsti höfundur þessarar hugmyndar er Ólafur Ragnar Grímsson sem raunar hefur talað ótulllega fyrir því allt frá formannstíð sinni í Alþýðubandalaginu að Ísland gangi í Asíu – gott ef ekki Sameinuðu arabísku furstadæmin í seinni tíði. Samherji hans Davíð Oddsson telur hins vegar enn ekki útséð með að ameríski herinn komi hingað aftur og Íslendingar geti aftur farið að skrúfa frá þeim mikla krana.

Gamlir óvildarmenn verða hálfnauðugir rekkjunautar í baráttunni gegn veruleikanum. Hannes Hafstein og Björn Jónsson urðu þannig samherjar undir lok sinnar pólitísku ævi í Sambandsflokknum og þannig verður það líka með Davíð og ÓRG: þeir enda saman í Framsóknarflokknum fyrr en varir.

„Þeir segja mest af Ólafi konungi ...“

Mótsögnin í þessu sjálfstæðis- glamri öllu er að vísu sú að eins og málum er háttað taka Íslendingar við ótal lögum og reglugerðum frá ESB án þess að hafa

neitt um þær að segja, gegnum EES. Sumir vilja að við segjum okkur úr EES og EFTA og allri Evrópu-viðurstyggðinni, sem vissulega væri rökrétt – vissulega sjónarmið – en óneitanlega efnahagslegt glapræði, nema menn sjái fyrir sér þeim mun fleiri jarðhitavirkjanir á vegum Íslendinga í Abú Dabí og landvinnina á Norðurpólnum.

Nafn þjóðardýrlingsins Jóns Sigurðssonar hefur mjög verið dregið fram af Nei-sinum, ekki síst þjóðernissinnunum, og sannast þar hið fornveðna að þeir segja mest af Ólafi konungi sem hvorki hafa heyrt hann né séð. Heimssýn, samtök Nei-manna, sendi til dæmis frá sér ályktun þann 17. júní síðastliðinn þegar Jón Sigurðsson átti tvö hundruð ára afmæli. Þar sagði að „umsókn um aðild að Evrópu-sambandinu [sverti] minningu Jóns Sigurðssonar“ enda hafi

einokunarverslun Dana var loksins um síðir aflétt hér árið 1855 – ekki síst vegna baráttu hans – beitti hann sér mjög fyrir því að laða til landsins erlent fjármagn og fá evrópskar þjóðir til þess að versla við Íslendinga. Hann vildi opna landið – ekki loka því. Hann aðhylltist frjálsa samkeppni en ekki einokun. Hann taldi verslun undirstöðu annarra atvinnuvega, sagði að tilgangur verslunar væri að fá sem besta vöru á sem bestu verði og lagði áherslu á að hægt væri að kaupa hana án milliliða af þeim aðila sem best væri fær um að framleiða hana eftir gæðum síns lands og þeirri kunnáttu sem ríkti í hverju landi á framleiðslu vörunnar. Hann aðhylltist sérhæfingu. Samkvæmt hans hugmyndum ættum við Íslendingar að fá að kaupa svínakjöt af Dönum og selja Þjóðverjum fisk og lambakjöt. Hann var ekki haldinn þeirri

Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi, að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti. Frelsið er ekki fólgið í því að lifa einn og sér og eiga ekki viðskipti við neinn... Frelsið kemur að vísu mest hjá manni sjálfum, en ekkert frelsi sem snertir mannfélagið kemur fram nema í viðskiptum, og þau eru því nauðsynleg til frelsis.“

hann helgað „líf sitt sjálfstæði Íslands“. Fleiri hafa tjáð sig á svipaðan hátt.

Nú vill að vísu svo til að Jón Sigurðsson tjáði sig á býsna skorinorðan hátt um þetta spursmál sem hér er tekist á um. Í bréfi til Jens bróður síns árið 1866 segir hann:

„Þú heldur að einhver svelgi okkur. Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi, að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti. Frelsið er ekki fólgið í því að lifa einn og sér og eiga ekki viðskipti við neinn... Frelsið kemur að vísu mest hjá manni sjálfum, en ekkert frelsi sem snertir mannfélagið kemur fram nema í viðskiptum, og þau eru því nauðsynleg til frelsis.“

**Sérhæfing þjóða og verslunarfrelsi**

Jón var eindreginn talsmaður frjálsrar samkeppni í viðskiptum og verslunarfrelsi var að hans mati algjör forsenda bættra lífskjara og sjálfstæðis þjóðarinnar: „Frelsið er ekki fólgið í því að lifa einn og sér og eiga ekki viðskipti við neinn“. Eftir að

andúð á verslun sem hér hefur löngum legið í landi og lýsir sér meðal annars í því hversu álapalegir neytendur við erum – munum aldrei stundinni lengur hvað neitt kostar og borgum bara það sem okkur er sagt að borga – og í framhaldinu hversu auðvelt hefur verið að koma hér á einokun alla tíð, og er enn.

Hann beitti sér fyrir því 1855 að Frakkar fengu að setja á fót mikla fiskvinnslu á Dýrafirði eins og þeir höfðu sóst eftir og benti á það hversu dýrmætt það yrði ef innflutningstollur yrði lækkaður eða aflagður í Frakklandi. Hann talaði þar reyndar fyrir daufum eyrum og Frökkum var neitað.

Áður en öll þjóðin verður komin til Noregs vegna bágra lífskjara hér – og Ísland verður sú „veidistöð“ sem Ketill Flatnefur sagðist aldrei ætla að koma í á gamals aldri – ættum við kannski að fara að að kynna okkur hugmyndir Jóns Sigurðssonar forseta um það hvernig farsælt sé að byggja eitt samfélag?

# Erum við tilbúin að ganga í ESB?

Evrópu-sambandið

Árni Sigfússon  
bæjarstjóri  
Reykjanesbæjar

Til að meta kosti þess að ganga í ESB þurfum við að vita hvaða aðra kosti við höfum. Fæstir Íslendingar geta svarað því í dag. Engin ítarleg vinna fer fram á slíku mati. Við erum samt að fjalla um stærstu ákvörðun þjóðarinnar frá stofnun lýðveldis. Valið er ekki um stöðnun eða ESB þótt ríkisstjórnin hegði sér þannig.

Ofurtrú stjórnvalda, ýmissa forystumanna atvinnulífs og fræðimanna á kostum inngöngu virðist hafa útilokað að fram fari raunsætt og vandað mat á öðrum kostum. Jafnvel Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki einhent sér í slíka vinnu. Slík vinna var hafin fyrir Landsfund 2009 en henni lauk ekki. Þar talar stór hópur reiðilega gegn ESB en fámennari hópur situr þögull hjá fylgjandi ESB eða með vangaveltur um að ef til vill geti verið skynsamlegt að ganga í ESB. Raunar er það svo að við sem höfum talið ástæðu til að halda viðræðum við ESB áfram og kanna hverjir kostirnir eru, biðum enn eftir að aðrir kostir séu metnir. En það virðist enginn ætla að gera það; ekki ríkisstjórnin, ekki Sjálfstæðisflokkurinn, ekki fræðasamfélagið, ekki samtök atvinnulífs eða launþega.

Eru þá ekki til aðrar lausnir varðandi gjaldmiðlaupptöku en evran? Er fastgengisstefna Dana eitthvað til að læra af? Er algerlega víst að innganga í ESB sé skilyrði fyrir upptöku evru? Er ekki til betri leið en að ESB annist samninga við viðskiptaheildir fyrir okkar hönd? Eru raunhæfir möguleikar á sterkum beinum viðskiptasamningum við Bandaríkin, Kanada og Kína, sem gerðu aðild utan ESB vænlegri kost fyrir okkur?

Ég var annar tveggja er leiddi vinnu Evrópunefndar Sjálfstæðisflokksins fyrir landsfund 2009, til að meta stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, ríkjum Evrópu og valkostum Íslands í alþjóðasamstarfinu. Niðurstaða þeirrar vinnu gaf ekki til kynna að innganga væri augljós. Hún sýndi fyrst og fremst að það var

nauðsynlegt að skoða valkostina betur.

Jafn vel þótt samninganefnd okkar um ESB aðild kæmi heim með samningsdrög sem sýndu lausnir á helstu efasemdum okkar um aðild s.s. sjávarútveg, þarf að svara spurningum um valkostina áður en þjóðin getur tekið afstöðu. Ef valkostirnir liggja ekki skýrir fyrir er vissara að segja NEI.

Við erum daglega minnt á gróarlegar auðlindir okkar í orku og sjávarútvegi. Vitneskja okkar, sem höfum barist fyrir fjölbreyttum atvinnutækifærum, tekið á móti tugum erlendra fyrirtækja m.a. frá Bandaríkjunum, Kanada og Kína, sem sækjast eftir sköpun stórra og vel launaðra atvinnutækifæra hér á landi, hrópar á okkur um að við getum átt skýra valkosti án ESB. En mat á því hvort er farsælla til lengri tíma er varla til. Ef lausn væri í sjónmáli á gjaldmiðilmálum okkar og samningsumhverfi við Kína, Kanada og Bandaríkin væri fastmótaðra, gætum við tekið opnum örmum á móti fjölbreyttum og vel launuðum atvinnutækifærum. Við gætum styrkt velferð okkar og aukið kaupmátt sérhvers Íslending. Þessa valkosti þarf að meta.

Ég er því óánægður með þá fátækt sem einkennir alvarlega skoðun á möguleikum okkar. Ríkisstjórnin, Samfylking og Vinstri grænir hafa aldrei leitað valkosta, eða fljótt gefist upp í leit að valkostum. Menn hafa bitið í sig að ESB sé eina lausnin. Óttast menn virkilega að standa í viðskiptaviðræðum við aðrar þjóðir og stærstu viðskiptasamsteypur heims, Kína eða Bandaríkin?

Ég hef talið rétt að við höldum viðræðum áfram við ESB og skoðum aðra kosti. Ég vil alls ekki útiloka að ESB sé valkostur. En ég fullyrði að aðrir kostir bjóðast. Við eigum fólk með þekkingu sem getur unnið úr valkostum. Þetta er ákall um að við hefjumst strax handa við slíka vinnu. Auðvitað ætti ríkið að vera reidubúið að kosta til sambærilegum upphæðum við það og fara nú í aðildarviðræður vegna ESB. Allir stjórnmalaflokkar ættu að leggja slíkt til á Alþingi. Við verðum sjálf að taka af skarið. Við þurfum samtakamátt alþingismanna, atvinnurekenda, verkalýðsforystu og háskólasamfélags til að fara skipulega í þessa vinnu. Hóp sem opnar á tækifærin og útilokar heldur ekki fyrirfram að leið ESB geti verið fær. Er ég einn um að telja þetta vera nauðsynlegt?

## Betri þjónusta í Vörðunni

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavini Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.


Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000







77

**GIORGIO ARMANI**, fatahönnuður, er 77 ára.  
„Ég trúi að fötin sem ég hanna geti bætt sjálfsmynd fólks, aukið sjálfstraust þeirra og hamingju.“

AFMÆLI

**SUZANNE VEGA** söngkona er 52 ára.



**RICHIE SAMBORA** gítarleikari (Bon Jovi) er 52 ára.



**LIL' KIM** rappari er 36 ára.



**HERMANN HREIÐARSSON** knattspyrnumaður er 37 ára.

PETTA GERÐIST: 11. JÚLÍ 2011

## Björk á breska vinsældalistanum

Plata Bjarkar Guðmundsdóttur, Debut, fór beint í þriðja sæti breska vinsældalistas er hún kom út á þessum degi árið 1993. Þar með varð Björk fyrst íslenskra listamanna til að komast inn á topp tíu.

Áður hafði Björk vakið alþjóðlega athygli með hljómsveitinni Sykurmolunum sem náði hápunkti með útgáfu plötunnar Stick Around For Joy árið 1992. Það ár sagði Björk skilið

við hljómsveitina og hóf sólóferil með fyrrnefndri Debut. Farið var lofsamlegum orðum um plötuna sem seldist í þremur milljónum eintaka.

Uppfrá því hefur Björk gefið út tíu plötur á sólóferlinum, þar af með tónlist fyrir Mykradansarann, kvikmynd Lars Von Trier, þar sem hún fór með aðalhlutverk. Von er á þeirri elleftu, Biophilia, í september á þessu ári.



BENEDIKT KRISTJÁNSSON: SIGRAÐI BACH KEPPNI FYRIR EINSÖNGVARA

## Guðspjallamaðurinn Benedikt

Benedikt Kristjánsson, 23 ára tenór, vann þann 19. júní síðastliðinn alþjóðlega Bach-keppni fyrir einsöngvara í Greifswald í Þýskalandi. Hann varð hlutskarpastur áttatíu söngvara sem tóku þátt og hlaut að launum fjögur þúsund evrur og söng á opnunartónleikum Bach-vikunnar í bænum.

„Ég vissi að ég ætti góða möguleika á því að vinna því tónlist Bachs á mjög vel við mig auk þess sem mér hafði gengið mjög vel að syngja hlutverk guðspjallamannsins í Jóhannes-arpassiunni á Íslandi í apríl,“ segir Benedikt. Hann söng aríuna Bleibt ihr Engel úr kantötu nr. 19 fyrir dómnefndina og þótti skara fram úr.

Benedikt segir afar mikilvægt fyrir söngvara að trúa á sjálfa sig. „Sjálfstraust skiptir sköpum og ætti ekki að rugla saman við hroka,“ segir hann glettinn. Peningaverðlaunin segir hann hafa komið að afar góðum notum. „Það voru nokkrir vísareikningar sem hurfu við það,“ segir hann glaðlega en Benedikt hlaut einnig áheyrendaverðlaunin í keppninni og þar með ferð fyrir tvo til Dresden í Þýskalandi. „Ég er á leiðinni þangað með Bjarna Frímanni vini mínum eftir hálfan mánuð.“

Benedikt hafði lært söng í fjögur ár í Söngskóla Reykjavíkur og Tónlistarskóla Reykjavíkur áður en hann hélt utan til Berlínar í framhaldsnám. Hann lýkur nú í vikunni þriðja ári sínu við Hanns Eissler tónlistarskólann í Berlín og á því þriðju ári eftir af náminu. „Þá verð ég komin með diplóma í óperusöng,“ segir hann og framtíðaráætlanir hans eru skýrar. „Einn draumur minn er að sérhæfa mig sem evangelisti, eða guðspjallamaður, og verða eftirsóttur um allan heim að syngja passíur eftir Bach. Þó langar mig líka að fara út í óperur,“ segir Benedikt sem hefur fengið afar góð viðbrögð eftir sigur sinn í keppninni í Greifswald. „Já, ég er nú þegar bókaður til að syngja í jólaóratíu Bachs í Berlín nú um jólni.“

Næsta skref er að koma sér enn betur á framfæri, meðal annars með því að taka þátt í fleiri keppnum. „Ég ætla til dæmis að skrá mig í Leipzig keppnina á næsta ári sem er mjög virt. Ég stefni auðvitað á að vinna hana líka,“ segir hann og hlær.

solveig@frettabladid.is



TENÓR Benedikt er 23 ára og stundar nám við Hanns Eissler tónlistarskólann í Berlín.



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Torfa Porkels Torfasonar**  
Þverholti 24.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Karítasar, deildar 11E á LSH og lækna sem komu að umönnun hans.

Guðrún M. Torfadóttir  
Ólafur D. S. Torfason  
Ingigerður Torfadóttir  
Kristín Torfadóttir  
Torfi P. Torfason  
barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Sævar Einarsson  
Rósa S. Þórhallsdóttir  
Jón Óttarr Karlsson  
Gísli Sveinsson  
María S. Reynisdóttir



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Guðbjörg Guðbrandsdóttir**

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þriðjudaginn 28. júní sl. verður jarðsungen frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 13. júlí kl. 15.00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á: FAAS (Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklunga og annarra skyldra sjúkdóma): www.alzheimer.is (Sími: 533-1088, tölvupóstur: faas@alzheimer.is) og Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónusta: Símar: 551-5606 og 551-5636 (tölvupóstur: karitas@karitas.is).

Sigurður Þorkelsson  
Þorkell Sigurðsson  
Guðbrandur Sigurðsson  
Árni Sigurðsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Ólafsdóttir  
Ásdís Þórbjarnardóttir



### Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

## Ferðir og sálfræði

Sautján konur útskrifuðust af Brautargengisnámskeiðum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands nýlega. Námskeiðin eru fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin rekstur og aðrar sem eru í atvinnurekstri en vilja auka þekkingu sína.

Nokkrar viðurkenningar voru veittar við útskriftina. Hadda Björk Gísladóttir fékk sérstaka viðurkenningu fyrir uppbyggingu fyrirtækisins Iceland Photo tours ehf. sem hún rekur ásamt eiginmanni sínum, Hauki

Snorrasyni ljósmyndara og leiðsögumanni. Fyrirtækið býður upp á ferðir fyrir erlenda áhugaljósmyndara undir yfirskriftinni Capture nature.

Árný Ingvarsdóttir fékk viðurkenningu fyrir viðskiptaáætlun nýliða fyrir verkefnið Sálartetrið sem verður ráðgjafa- og útgáfu-fyrirtæki tengt jákvæðri sálfræðiþjónustu.

VIÐ ÚTSKRIFTINA Árný Ingvarsdóttir sálfræðingur, Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Hadda Björk Gísladóttir, ferðaþjónustubóndi í Hríffunesi.  
MYND/NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS







**Skipulagið á hreinu** Því ekki að mála stórum stöfum utan á kommóðuna hvað er í hverri skúffu. Það hefur meðal annars þann kost að heimilisgestir ganga að hlutunum vísum. Ef sá sem skrifar hefur fallega rithönd getur útkoman orðið nokkuð smart.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473



friendtex

## ÚTSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM FATNAÐI NÚ 40 - 60 % AFSLÁTTUR KÍKTU ÞAÐ BORGAR SIG**



**Opnunartími:**  
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - [www.friendtex.is](http://www.friendtex.is)

Guðbjörg og Sverrir halda húsinu sínu á Grettisgötunni vel við

## Málað í blíðunni

**G**uðbjörg Pálsdóttir og Sverrir Guðmundsson notuðu góða veðrið um daginn til að mála húsið sitt. Það er eitt af eldri húsum bæjarins, byggt árið 1904 en þau hafa búið þar í 23 ár.

„Við höfum farið nokkra hringi á húsið með málningu gegnum árin,“ segir Guðbjörg en þau hjónin hafa gert húsið upp að stórum hluta. „Það var ekki í góðu ástandi þegar við keyptum það og við erum tiltölulega nýbúin að koma því í endanlegt horf. Það er mikil vinna að halda svona gömlu húsi við, en skemmtileg,“ segja þau.

Í garðinum bak við húsið ræktar Guðbjörg bæði matjurtir og blóm. Þar er algjört næði og segir Guðbjörg garðinn mikið notaðan af allri fjölskyldunni þegar veðrið er gott. Þá kunni þau mjög vel við sig í húsi með sál og kannast ekki við ónæði frá skarkala miðbæjarins. Það sé helst ónæði af umgengni fólks sem á erindi í bæinn.

„Fólk gleymir að miðbærinn er líka íbúðarhverfi og hendir sígarettustubbum og rusli víða“ segir Guðbjörg.

„En hér er mjög gott að búa.“

*heida@frettabladid.is*



**Cobb**

Tilvalið kolagrill í ferðalagið, bátinn eða pallinn. Sparneytið á kol, aðeins 8-12 kolamolar duga fyrir steikingu. Hægt að staðsetja á borði meðan grillað er þar sem grillið hitnar ekkert að utanverðu.

*Cobb kolagrillin fengu disa verðlaunin 2007*

Söluáðilar.: Járn og Gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Everest.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# SUMARTILBOÐ

## OG NÝJAR VÖRUR

**70% afsláttur af þífu pilsum á rúm**  
Er til rykk og slétt, í mörgum litum og stærðum.

**12 mánaða vaxtalausar greiðslur**



**BOAS SVEFNSÓFI**  
Tilboð 127.425,-



**Stóri stuðningspúðinn kominn aftur**  
19.900

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00





**Sænsk og víetnömsk** áhrif mætast í stólum eftir sænsku hönnuðina Mattias Rask og Tor Palm hjá Glimpt. Þeir hafa áður unnið með með handverksfólki frá Suður-Afríku en stólarnir og borð í stíl eru unnin af víetnömsku handverksfólki. Efniviðurinn er sjávargras og skærliðað garn.

**HOLLUR BITAFISKUR**  
**+80% prótín**  
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

**Rafhitarar**  
 í skip, hús og sumarhús  
**Neysluvatnshitarar**  
 Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði  
 Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
 rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Blómavasar eru þarfaping í sumar-bústað enda hægt að fylla á þá með ferskum sumarblómum á hverjum degi. Gamlir leirvasar passa sérstaklega vel við villtar íslenskar jurtir og oft er hægt að gera góð kaup á vösum og könnum í nytjaverslunum á borð við Góða hirðinn, Nytjamarcað Hjalpræðishersins og Nytjamarcað ABC.



Franskt rómantískt útlit er auðvelt að skapa með ljósum og léttum gluggatjöldum úr bómullarefni. Sniðugt getur verið að leika sér með að sníða gluggatjaldið ekki í beinni línu og sauma blúndu á eins og hér er gert.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ LUMRVEDAN

**MEIRI MENNING**

**visir**

## Nostrað við bústaðinn

Gamla efnisbúta, flísar, vasa, málningu í skærum litum og alls kyns ónýtta fjársjóði sem fólk á í geymslunni er upplagt að prófa sig áfram með í bústaðnum.

Eitt það skemmtilegasta við að nostra við sumar-bústaðina er að þar er nærri allt leyfilegt og svæðið því allsherjarvin tilrauna sem kannski heppnast og kannski ekki. Það taka þá ekki svo margir eftir því ef það kemur illa út að mála grindverkið fjólu-blátt. Ekki er úr vegi að græja sig áður en lagt er af stað úr bænum, taka með saumavél, efni, málningu, pensla, teiknibólur og hvað eina sem hægt væri að föndra með á sumarkvöldum. Þá er um að gera að kíkja í nytjaverslanir og reyna að grafa upp fjársjóði sem hægt er að máta við kotið.



Smá einkasetustofa utandyra, fyrir kyrrðarstund í náttúrunni, er draumur margra. Veldu vel varin viðarhúsgögn, til að mynda ruggustól og borð, og hafðu það að markmiði að koma þeim fyrir í smá fjarlægð frá bústaðnum, eins nærri lóðamörkum og hægt er. Þá þarf bara ferðaútlit, bók og teppi.

-jma



Rómantískar og fallegar sumardiskamottur er hægt að fá með því að klippa til að mynda gamlan heklaðan dúk niður í stykki.



Ef þið eigið stakar flísar, eða jafnvel einhvern smá bunka sem dugar þó ekki í stærri flísalagnir heimafyrir, er ekki úr vegi að gera tilraunir með þær í bústaðnum. Að leggja nokkrar fallegar flísar í marokkóskum stíl getur umbylt litlu salerni eða eldhússkoti.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)

**FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA**

Allt sem þú þarft

ReSound Alera™ **HEYRN** HEYRNARÞJÓNUSTA

Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er

ReSound Alera™ heyrnatækin eru með kringlóma hljóðvinnslu sem gefa einstaklega skýr hljóð. Maður kann best að meta þau í krefjandi samræðum þegar kliður eða skarkali er

**Alera tækin:**

- Bæta talskilning mikið og sérstaklega ef hávaði er í umhverfinu.
- Skipta sjálfvirkt um hljóðvinnslu þegar hljóðumhverfi breytist.
- Útiloka ýlfur og suð þegar talað er í síma eða við fadmlag.
- Leyfa notanda að njóta tónlistar eins og hún á að hljóma.
- eru fyrstu heyrnatækin sem tengjast í raun þráðlaust, með 2.4 GHz senditíðni, við farsíma og sjónvarp.
- Byggja á nýjustu þekkingu og tækni og um 60 ára reynslu í gerð heyrnatækja

**ReSound** rediscover hearing

Tímamantanir 534 9600  
 Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is





## Nú er veður til fasteignaviðskipta

Leitaðu upplýsinga á skrifstofunni.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali  
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

**Sími 530 6500**

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



**heimili**  
FASTEIGNASALA



Ástþór Reyni Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi RE/MAX

audur@remax.is

## Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

**Sími 824 7772**

**Auður Kristinsdóttir**  
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

## Vandað einbýli á grónum stað

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu mjög fallegt og vandað einbýli á grónum stað í Garðabæ.

Fasteignin stendur við Bæjargil og er skráð 182,9 fermetrar auk 32 fermetra bílskúrs. Húsið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er forstofa, gestasalerni, hol, stórar samliggjandi stofur, sólskáli, eldhús og þvottaherbergi. Á efri hæð er sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi og baðherbergi.

Komið er inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Gestasalernið er flísalagt í hólf og gólf með sturtuklefa. Stofurnar eru parketlagðar og bjartar með útgangi á verönd til vesturs. Sólskálinn er flísalagður, með gólfhita og útgangi á verönd til suðurs. Eldhúsið er með innréttingum úr hvítadri eik með mósaikflísam á milli skápa, ásamt eyju með háfi yfir og góðri borðaðstöðu. Þvottaherbergið er rúmgott, flísalagt og vel innréttað. Þaðan er gengið út á lóð með veröndum og skjólveggjum. Á baklóð fasteignarinn-



ar er einnig stór túnblettur.

Stigi úr járnri með þrepum úr marmara og glerhandriði liggur upp á efri hæð. Stigapallurinn er parketlagður og með vinnuástöðu. Sjónvarpsholið er parketlagt og með úbyggðum glugga. Svefnherbergin fjögur eru parketlögð. Eitt þeirra er með rúm-

góðan fataskáp og útgangi á flísalagðar svalir. Baðherbergið var endurnýjað árið 2010 og er flísalagt, með góðum innréttingum og hornbaðkari.

Bílskúrinn er flísalagður, með geymsluofti yfir og rafmagni, hita og rennandi vatni. Rafmagnsopnari er á bílskúrshurð.



**FASTEIGNA MIÐLUN**

**MIKIL SALA, VANTAR EIGNIR.**

Ármúla 19 – Sími 575-8500  
Pálmi Almarsson, lögg. fasteignasali



## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali  
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Sætún - 116 Kjalanes**



Vorum að fá í sölu 222,1 m<sup>2</sup> einbýlishús með tvöföldum bílskúr á 4.497 m<sup>2</sup> eignarlóð við Sætún á Kjalanesi. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 32,9 m. 5324

**Miðholt 1 - 270 Mosfellsbær**



Rúmgóð og björt 102,3 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endalbúð á jarðhæð með sérgarði við Miðholt 1 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, baðherbergi með baðkari, tvö barnaherbergi, gott hjónaherbergi, stofu, borðstofu, eldhús og sér þvottahús, auk geymslu á sömu hæð. Sér garður í suðaustur. V. 20,9 m. 10006

**Réttarmói 9 - 861 Hvolsvelli**



Glæsilegt 110 m<sup>2</sup> heilsárskús við Réttarmóa í landi Hellishóla í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra. Vel skipulagt 4ra herbergja heilsárskús á fallegum stað í landi Hellishóla. Húsið er timburhús, byggt árið 2007. Stór verönd er við húsið og fallegt útsýni. V. 29,9 m.



Vallarás 4 - 110 Reykjavík  
69,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í sex hæða lyftuhúsi við Vallarás 4 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 16,5 m. 5322



Eyrarholt 2 - 220 Hafnarfirði  
Mjög rúmgóð 4-5 herbergja 117,8 m<sup>2</sup> íbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Eyrarholt 2 í Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 20,5 m. 5323



Fjarðargata - 220 Hafnarfjörður  
Gott 301,6 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði á 2 hæð í verslunarmiðstöðinni Firðinum í Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 48,0 m. 5328



Hamraborg1-3 - 200 Kópavogur  
Gott 173,0 m<sup>2</sup> atvinnu/verslunarhúsnæði með sérinnangi á jarðhæð í miðbæ Kópavogs. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 25 m. 5326

**Rúgakur 3, íbúð 101 - 210 Garðabær**



**OPIÐ HÚS**

Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja endalbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 3 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, rúmgott svefnherb., baðherb./þvottaherb., stofu, borðstofu, eldhús og hjónasvitu með fataherb., baðherb. og svefnherb. Íbúðinni fylgir bílastæði ásamt 25,3 m<sup>2</sup> sér geymslu í lokuðum bílakjallara. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 39,9 m. 10004  
**Opið hús í dag frá kl. 17 - 18**

**Árakur 1, íbúð 201 - 210 Garðabær**



**OPIÐ HÚS**

Björt og falleg 3ja herbergja, 115,8 m<sup>2</sup> íbúð á 2 hæð við Árakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi, og tvö svefnherbergi. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flisar eru á gólfum. Góðar svalir í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 27,9 m. 10003  
**Opið hús í dag frá kl. 17 - 18**

**Árakur 1, íbúð 302 - 210 Garðabær**



**OPIÐ HÚS**

Mjög falleg og rúmgóð 4ra herbergja, 138,8 m<sup>2</sup> endalbúð á efstu hæð við Árakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, sjónvarpsstofu eldhús, þvottahús, baðherbergi, og þrjú svefnherbergi. Íbúðinni fylgir 13,8 m<sup>2</sup> sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flisar eru á gólfum. Stórar svalir með fallegu útsýni í suður. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 33,0 m. 10002  
**Opið hús í dag frá kl. 17 - 18**



# VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477  
Opíð virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson  
s: 896-5222  
Lögg.fast.Sali.



Bárður Tryggvason  
s: 896-5221  
sölustjóri



Heiðar Friðjónsson  
s: 693-3356  
Lögg.fast.Sali.



Ellert Róbertsson  
s: 893-4477  
sölumaður



Erlendur Davíðsson  
Löggjiltur  
fasteignasali.



Sigþór Bragason  
s: 899-9787  
Lögg.fast.Sali.



Jón Rafn Valdimarsson  
s: 695-5520  
Lögg.fast.Sali.



Margrét Sigurgeirsdóttir  
s: 866-1515  
skrifstofustjóri.



Pétur Jóhannsson  
Sölum.  
Snæfellsbæ/nes  
Sími:893-4718



Þórarinn Friðriksson  
Sölum.  
Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

## Hólavað



### Glæil.raðhús skammt frá Heiðmörkinni.

Nýlegt glæil. raðhús m. innb. bílskúr alls 167 fm á göðum stað í Norðlingaholti. Vandadar innréttingar, 3-4 sv. herb., stórar suður svalir og göður sólpallur. Áhv. ca 18 m. hagst íbúðarlán 4,15% vkt. Verð 41,6 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

## Árskógar - Eldri borgarar



Björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 6. hæð í þessu eftirsóttu húsið fyrir eldri borgara. Lyftuhús með mikilli þjónustu og afþreyingu. Þrjú góð herbergi, stofa, eldhús og rúmgott baðherbergi. Yfirbyggðar svalir. Húsvörður og mikil þjónusta og afþreying. V. 33.0 mill. Uppl. Sigþór sími 899 9787.

## Krókavað - glæsil. efri sérhæð + bílskúr.



Nýkomin í einkasölu glæsil. nýleg 136 fm efri sérh. ásamt 32 fm bílskúr. Frábær staður innarl. í lokaðri götu, óruttu skóla, Heiðmörkina og Elliðarvatnið. Vandadar innr., parket, 3 góð sv. herb., þvottaherb, bað m. sturtu og kari. Vandað eldhús m. uppþv. vél og gashellum. 32 fm suður svalir. Mjög göður bílskúr. Áhv. ca 30 m. íbúðarlán Arion banki. Verð 38,6 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

## Dugguvogur - Endurnýjuð



Stórglæsileg 121 fm íbúð á fyrstu hæð. Eignin er með séringngangi og lofthæð sem er ca. 2,7 m. Íbúðin er öll tekin í gegn og vandad til verka, möguleiki á að stækka íbúðina. Tvö stór svefnherbergi. Stofa og eldhús í opnu rými. Leyfi til að byggja svalir. V. 29,9 millj. Uppl. Sigþór S: 899-9787

## Endaraðhús með 4-svefherb. í Staðarhverfi



Fallegt 172 fm endaraðhús með 4 svefnherbergjum. Húsið er allt hið snyrtilegasta og mikið í það lagt. Bílskúrinn er rúmgöður með millilofti að hluta. Verð 44,9 millj. Uppl. veitir Ellert í s:893-4477

## Langagerði - með tveimur aukaíbúðum og bílskúr.



Gott mikið endurnýjað 202 fm einbýli ásamt ca 40 fm bílskúr. Á jarðhæð eru tvær litlar íbúðir til útleigu. Mögul. að setja tvær íbúðir upp í. V. 69,5m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

## Sérbyli



### Smárarími Vandað einbýli.

Fallegt einbýli á einni hæð neðst í Smárarímanum. Stórar stofur og fjögur svefnherbergi. Vönduð gólfefni og innréttingar. Bílskúr m. hurðapnara. Baðherbergi m. sturtu og baðkar. Pallur m. skjólgirðingu, stór garður m. fjölskrúðum gróðri. V. 49,9 m. Uppl. Sigþór 899 9787



### Glæsilegt einbýlishús í Garðabæ

Glæsilegt 227,8 fm vel staðsett einbýlishús við Tjarnarlöt í Garðabæ. Húsið er töluvert endurnýjað og er í góðu ástandi. Garður í suður. Verð 69 millj. Möguleiki á skiptum á ódýrari eign. Allar frekari uppl. veitir Ellert í s:893-4477



### Mánabraut - einbýli á einni hæð.

Sérlega vel staðsett ca 190 fm hús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi, glæsilegur garður. V. 45m. Uppl. Ellert 893-4477

## Sérhæðir



### Stóragarði glæsileg sérhæð

Glæsileg 140 fm hæð ásamt 30 fm bílskúr. Hæðin er öll mikið endurnýjuð. Tvennar svalir, þrjú til fjögur svefnherbergi. V. 41m. Nánari uppl. Ellert 893-4477



### 4ra herb. Sérhæð með bílskúr í Garðabæ.

Mikið endurnýjuð 4ra herb. 123,5 fm sérhæð við Lynghóla í Garðabæ. Bílskúrinn er 28,8 fm. 3-svefnherbergi í mikið endurnýjaðri sérhæð. Falegur garður, góð staðsetning. Eignin er laus við kaupsamning. Verð 26,9 millj. Uppl. veitir Ellert í s:893-4477

## 4ra til 5 herb



### Álfkonuhvarf - 120 fm endaib. m. bílsk.

Nýleg glæsil. 120 fm 4ra herb. endaib. útvið óbyggð svæði í nýl. litlu lyftuhúsi. Staði í bílskúli fylgir. Vandadar innr., þvottaherb. í íb., suðvestur svalir, útsýni Bláfjöll, Heiðmörk. Laus ca miðjan júní 2011. Ásett verð 28,9 m.



### Hrísmóar Garðabæ með Bílskúr.

Falleg 100,9 fm íbúð ásamt 18 fm bílskúr samtals 118,9 fm. 2 góð svefnherbergi og hægt að bæta því þriðja við. Baðherbergið með baðkari og sturtuklefa. Stofan er rúmgöð og vönduð gólfefni. Stórar suðursvalir. V. 26,9 millj. Uppl. Sigþór 899 9787



### 4ra í Rimahverfi - skipti á sérbyli.

Vel skipulögð 118 fm íbúð á jarðhæð við Flétturima í Grafarvogi. 3-svefnherbergi, vönduð gólfefni, sér-verönd. Eigendur eru að leita að sérbyli í Grafarvogi. V.24,9 millj. Uppl. veitir Ellert í s:693-4477

## 3ja herbergja



### Kríuás - Hfj. Glæsil. útsýni.

Nýkomin í einkasölu 104 fm 3ja herb. íb. á 3.hæð (efstu) í litlu fjölb. á rólegum útsýnisstað. Góðar innréttingar, parket, þvottaherb. í íb., góðar suðvestur svalir. Glæsil. útsýni, Faxaflói, Snæf. nes, Rvk, Álfanes, Keilir og fl. Áhv. ÍLS.lán ca 13 m. Verð 22,7 m. Bein sala eða skipti á parhúsi, radhúsi í Hfj. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.



### Perlukór með sér inng. og bílskúli.

Vorum að fá mjög góða 96 fm. íbúð á 2.hæð á frábærum útsýnisstað. Stórar svalir, allar innréttingar og gólfefni vandad. V. 27,9m. Mögul. skipti á stærri eign. Nánari uppl. Ellert 893-4477



### 3ja herb. suður íbúð við Pangbakka

Höfum tekið í sölu 3ja herb. 83 fm suður íbúð við Pangbakka. Íbúðin er vel skipulögð, búið er að kaupa ýmislegt efni sem fylgir með í kaupnum, svo sem parket og undirlag, flisar, hreinlætistæki, tæki í eldhús og fl. Verð 19,7 millj. Allar uppl. veitir Ellert í s:893-4477



### Hrísmógar - Garðabæ.

Vorum að fá mjög góða rúmgöða íbúð á 2.hæð í þessu vinsæla lyftuhúsi. Eignin er mikið endurnýjuð, tvennar svalir. V. 20,5m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

## 2ja herb



### Blásalir - Lúxus íbúð

Alls 79 fm á 12. hæð (penthouse) m. frábæru útsýni. Fallegar innréttingar, mahogny parket, þvottahús innan íbúðar. Stofa og eldhús samliggjandi. Eign fyrir vandláta. V. 22,5 m. Uppl. Jón Rafn 695-5520



### Álfheimar - góð 2ja. Laus fljóti.

Nýkomin í einkasölu falleg 50 fm íb. á 1.hæð (jarðh.) í góðu velstaðsettu fjölb. við Laugardalinn. Gott skipulag og hugguleg íbúð. Óruttu skóla, vskranir og þjónusta. Áhv. ca 10 m. hagst. lán. Verð 13,3 m. Uppl. veitir Ingólfur



### Reynimelur - Sérinnngangur

Falleg 60 fm íbúð í kjallara með séringngangi. Svefnherbergi er mjög rúmgott, þar er fataherbergi. Baðherbergi m. sturtu. Sérgeymsla fylgir íbúðinni. Skipt um skólp. sprunguvíðgert að utan nýlega. V. 16,5 millj. Uppl. Sigþór S: 899-9787



### Ásakór - með bílskúli.

Mjög góð ca 65 fm íbúð á jarðhæð með góðri afgirtri verönd í suður. Gott staði í lokuðu bílskúli fylgir íbúð. Parket og flisar á gólfum. V. 18,9m. 14 millj kr. lán frá Íls fylgir íbúðinni. Uppl. Ellert 893-4477

## Traust alþjóðlegt fyrirtæki óskar eftir eignum til skammtíma- og langtímaleigu.

Óskað er eftir bæði fullbúnum eignum m. húsgögnum, tækjum og annað og einnig er óskað eftir tómum eignum.

Leitað er eftir 2ja herbergja og upp í sérbyli til skammtímaleigu en um er að ræða 4-5 mánuði.

2-4ra herbergja eignir í langtímaleigu (1-2 ár)

Leigutímar hefjast frá miðjum júlí og fram til miðjan ágúst.

Skilyrði að eignir séu með þvottahúsi innan íbúðar. Einnig að internet og erlendar sjónvarpsstöðvar sé innifalið í leigu.

Upplýsingar: Sigþór Bragason • 899 9787 • sb@valholl.is

Ingólfur Gissurarson lgf.  
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.



### Grímsnes - Hraunborgir

Mjög gott 42 fm sumarhús vel staðsett í landi Hraunborga Grímsnesi. Stofa, eldhúskrókur, baðherbergi, svefnherbergi og rúmg.svefnloft. Mjög göður pallur kringum húsið m. góðri skjólgirðingu og grillaðstöðu. Innbú fylgir. Verð 12,9 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



### Sumarhús - Grímsnes

45 fm sumarhús umvafið trjágróðri og staðsett innarlega í sumarhúsaþverfi Hraunborga Tvö svefnherbergi eru í húsinu, einnig stórt svefnloft Stofa og eldhús í opnu rými. Stór verönd er að framanverðu V. 12,5 millj. Uppl. Sigþór S: 899-9787



### Grímsnes - Miðengi.

Sumarhús á fráb. stað. Nýkomin í einkasölu ca 50 fm sumarhús, ásamt 10 fm gestahúsi á 0,75 ha, eignarlandi á frábærum rólegum stað rétt austur af Álfavatni. Góðir sólpallar, heitur pottur, rafmagn, heitt vatn á lóðarmörkum, mikið og fallegur gróður, útsýni (Búrfell, Ingólfsfjall) og fl. Verð 14,9 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222



### Sumarhús - Hraunborg

Gott 52 fm sumarhús í landi Hraunborga m. tveimur svefnherbergjum, gestahúsi og verkfæraskúr. Stofa og eldhús eru í opnu rými. V. 13,9 millj. Uppl. Sigþór S: 899-9787

## Vantar-Vantar-Vantar

Vantar raðhús í Akralandi fyrir ákv. kaupanda, Uppl. Ellert 893-4477

Vantar íbúð í Kópavogi með fjórum til fimm svefnherbergjum. Uppl. Ellert 893-4477

Hef kaupanda af ca 150 fm raðhúsi í Hraunbæ. Uppl. Ellert 893-4477

Hef kaupanda að ca 100 til 110 fm íbúð í 108. Uppl. Ellert 893-4477

Vantar 4ra herb. íbúð í Álfheimum. Uppl. Ellert 893-4477

Vantar 2-3 ja herbergja í Mosfellsbæ fyrir ákveðinn kaupanda. Uppl. Sigþór 899 9787

Vantar 3ja herb svæði 101-108.fyrir viðskiptavin. Uppl. Sigþór 899 9787

Vantar 3ja herb. í Furugrund, Lundarbreykku eða Kjarrhólma fyrir konu sem býin er að selja. Uppl. Ellert 893-4477





# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINGGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Sjá sýningartíma á [midi.is](http://midi.is) og [bioparadis.is](http://bioparadis.is)

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS [WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS) / [MIDI.IS](http://MIDI.IS)



# Modern Family leitar að nýrri Lily

Framleiðendur sjónvarpsþáttanna Modern Family leita nú að ungum stúlkum til að taka við af tvíburunum Jaden og Ellu Hiller, sem leika hina ungu Lily.

Lily er ættleidd dóttir hommaparsins Camerons og Mitchell í þáttunum, sem hafa notið mikilla vinsælda. Framleiðendur þáttanna íhuga nú að láta Lily vera eldri í næstu þáttaröð og leita því að þriggja, til fjögurra ára, asískri stúlkunni.

Framleiðsla á þriðju þáttaröðinni hefst innan skamms, en samt er ennþá möguleiki á því að Hiller-systurnar haldi áfram að túlka Lily. Handritshöfundarnir vilja þó eiga möguleika á eldri Lily og leita því að ungum leikkonum.



**FRÁBÆRIR ÞÆTTIR** Þættirnir Modern Family hafa slegið í gegn. Handritshöfundarnir velja nú fyrir sér hvort persónan Lily, dóttir hommaparsins, eigi að vera eldri í næstu þáttaröð.

# Skotin í Hendricks

Leikkonan Emma Stone viðurkenndi í nýlegu viðtali að henni þætti leikkonan Christina Hendricks mjög falleg kona.

Stone, sem gert hefur garðinn frægan í gamanmyndum á borð við Superbad og The House Bunny sagði við blaðamann The Advocate að henni þætti Mad Men leikkonan vera ein sú fallegasta í bransanum í dag. „Allt við hana er fallegt, hún er akkurat mín týpa.“

Í sama viðtali var hún beðin um ráð fyrir þá sem vilja klæðast sem hún á Hrekkjavökunni. „Haldið ykkur við rautt hár. Þótt hárrótin sé ljós er ég rauðhærð í hjarta mínu.“

**SKOTIN** Emma Stone er skotin í Mad Men leikkonunni Christinu Hendricks.

NORDICPHOTOS/GETTY



**ERFIÐLEIKAR** Russell Brand og Katy Perry eiga í erfiðleikum og vinir þeirra óttast að allt fari á versta veg.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Skilnaður í uppsiglingu

Vinir Russells Brand og Katy Perry óttast að hjónaband þeirra muni ekki verða langlíf. Sumir spá því að því verði lokið innan fjögurra mánaða.

Miklar vinnutarnir hafa tekið sinn toll af hjónabandinu auk stöðugra sögusagna um það Brands á tókustöðum. „Russell var æstur í að giftast Katy á sínum tíma. Hann er fíkill og fannst tilhugsunin um hjónabandið fullkomin. Katy er ung og hrifnæm og lét til leiðast en hjónalífið hefur ekki reynst þeim jafn auðvelt og þau bjuggust við,“ var haft eftir vini þeirra sem óttast hið versta.



**ENGIN HERMIKRÁKA** Paris Hilton segist líta upp til margra kvenna en hún reyni aldrei að herma eftir neinum.

## Hermir aldrei eftir neinum

Paris Hilton segist fá innblástur frá Oprah Winfrey, Kate Moss og Audrey Hepburn, en segist aldrei reyna að herma eftir neinum. „Ég hef alltaf dáðst að Marilyn Monrone, því að myndavélin elskaði hana. Audrey Hepburn, fyrir að vera faguð, og Kate Moss. Ég hef alltaf litið upp til Martha Stewart og Oprah Winfrey,“ sagði Paris í viðtali á dögunum. „Ég er mjög skemmtileg og djörf. Ég hermi ekki eftir neinum. Ég er eins og mín eigin týpa af Barbie,“ bætti Paris við.

# Nokia N8 nýttist stundum betur en myndavélin

Sem atvinnuljósmyndari skil ég myndavélin aldrei við mig. En stundum þarf ég að fanga augnablikið strax á einfaldari hátt og þar kemur N8 sterkur inn. Ég er alltaf með hann og það er algjörlega ómetanlegt að geta sameinað fullkominn síma og hágæðamyndavél sem hvaða ljósmyndari getur verið stoltur af. Myndirnar get ég sent á sama augnabliki og þær birtast svo á visir.is skömmu síðar.

**Vilhelm Gunnarsson**  
ljósmyndari hjá Fréttablaðinu

Gæðin í myndavélinni í N8 eru ótrúleg.

Taktu þátt í ljósmyndakeppni Nokia N8

Þú getur unnið 100.000 kr. fyrir það eitt að smella af. Allt um keppnina á:

[www.n8.is](http://www.n8.is)

myndavélin **N8**

Nokia N8 er með 12 MP myndavél, stærstu myndavélaflögu í farsíma, Carl Zeiss-linsu, Xenon-flassi og myndbandsupptöku í háskerpu og stereo.





**HEIMSMEISTARAR ÞJÓÐVERJA** eru úr leik á HM kvenna í knattspyrnu í Þýskalandi. Japan vann sigur á gæstgjöfunum 1-0 í 8-liða úrslitum og mætir Svíþjóð í undanúrslitum. Í hinni viðureigninni mætast Frakkland og Bandaríkin sem slógu Brasilíu út í vítaspyrnukeppni í gær. Leikirnir fara fram á miðvikudaginn.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild karla

Breiðablik - Þór	4-1
ÍBV - FH	3-1
Fylkir - KR	0-3

### STAÐAN

<b>KR</b>	9	7	2	0	20-6	23
Valur	9	7	0	2	14-4	21
<b>ÍBV</b>	9	6	1	2	14-7	19
FH	10	4	3	3	21-14	15
<b>Breiðablik</b>	10	4	3	3	18-17	15
Stjarnan	9	4	2	3	16-14	14
<b>Fylkir</b>	10	4	2	4	14-18	14
Keflavík	9	3	2	4	11-12	11
<b>Þór</b>	10	2	2	6	9-21	8
Víkingur R.	9	1	4	4	7-12	7
<b>Grindavík</b>	9	2	1	6	11-21	7
Fram	9	0	2	7	5-14	2

### NÆSTU LEIKIR

Fram - Grindavík	í kvöld kl. 19.15
Keflavík - Víkingur	í kvöld kl. 19.15
Valur - Stjarnan	í kvöld kl. 20.00



**HEITUR Á HEIMAVELLI** Kristinn hefur skorað níu mörk í deild, öll á heimavelli. MYND/PIETUR

Annað tap Þórs í röð:

## Stórsigur Blika

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann sannfærandi sigur á Þór á Kópavogsvelli á laugardag. Blikar höfðu töluverða yfirburði í leiknum með markahæsta mann deildarinnar Kristinn Steindórsson í broddi fylkingar.

„Mér fannst þetta aldrei í hættu. Þeir gefast aldrei upp og við þurfum að hafa fyrir þessu. En við skorum fjögur mörk og þeir eitt. Þetta var sanngarnt,“ sagði Kristinn Steindórsson sem er kominn með níu mörk í deildinni. Öll skoruð á heimavelli. Ármann Pétur Evarsson Þórsari var ekki á skotskónum frekar en félagar hans.

„Það var aðallega ég sem var ísskaldur. Ég átti fimm eða sex skot sem eiga að fara inn hjá mér. En það gekk ekki í dag,“ sagði Ármann Pétur.

Blikar halda nú til Noregs þar sem þeir mæta Rosenborg í forkeppni Meistaradeildar Evrópu á miðvikudag.

# Sigurganga KR heldur áfram

Það virðist ekkert geta stöðvað KR-inga sem lögðu Fylki 3-0 í Árbænum í gærkvöld. Liðið er ósigrað í öllum keppnum í sumar. Guðjón Baldvinsson skoraði þrjú mörk á korteri í fyrri hálfleik og gerði út um leikinn.

**FÓTBOLTI** KR vann öruggan 3-0 sigur á Fylkismönnum í Pepsi-deild karla í knattspyrnu í gærkvöldi en Guðjón Baldvinsson gerði þrjú mörk í leiknum, öll í fyrri hálfleik.

Það sást strax á fyrstu mínútu leiksins í hvað stefndi. KR-ingar réðu lögum og lofum frá byrjun.

Fyrsta mark leiksins kom eftir stundarfjórðung þegar Guðjón Baldvinsson komst einn í gegnum vörn Fylkis eftir frábæra stungusendingu frá Baldri Sigurðssyni og lagði boltann framhjá Bjarna Þórði Halldórssyni í marki heimamanna. Tíu mínútum síðar skoraði Guðjón annað mark sitt í leiknum með skalla eftir aukaspyrnu frá Óskari Erni Haukssyni.

Guðjón fullkomnaði síðan þrennuna fjórum mínútum síðar þegar hann setti boltann í markið af stuttu færi inn í teig Fylkismanna. Ótrúlegur hálfleikur og staðan 3-0 fyrir KR eftir aðeins hálf tíma leik.

„Ég hefði getað skorað fleiri mörk í kvöld en maður getur ekki verið ósáttur með fyrstu þrennuna í úrvalsdeild,“ sagði Guðjón Baldvinsson eftir leikinn í gær.

Leikurinn róaðist heldur betur í síðari hálfleik. KR-ingar voru sáttir við sinn hlut og Fylkismenn gáfust í raun og veru upp. KR-ingar fengu nokkur færi til að bæta við mörkum og þá sérstaklega Guðjón Baldvinsson. Allt kom fyrir ekki og leiknum lauk með sigri KR-inga 3-0.

„Eitt mark frá þeim í byrjun seinni hálfleiks hefði opnað leikinn en við höldum vörninni þéttri og lékum vel allan tímann. Við getum



**SJÓÐANDI HEITUR Í JÚLÍ** Guðjón Baldvinsson hefur skorað sex mörk í þremur leikjum KR-inga í júlímánuði. Guðjón var lengi í gang í sumar en hefur heldur betur látið til sín taka undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ekki verið ósáttir við 3-0 sigur á erfiðum útivelli gegn góðu Fylkiliði. Það eru algjör forréttindi að fá að spila með svona góðum leikmönnum og að vera í þessu KR liði er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert. Við erum með frábæra breidd og getum róterað liðinu mikið. Þetta er bara frábært lið í alla staði,“ sagði Guðjón.

Guðjón Baldvinsson heldur áfram að reynast Fylkismönnum erfiður. Í leikjum liðanna í fyrra skoraði hann þrjú mörk þar af tvö í Árbænum.

KR-ingar eru því komnir aftur á toppinn í Pepsi-deildinni með 23 stig og virðast óstöðvandi. Þeir hafa tveggja stiga forskot á Valsmenn sem sitja í öðru sæti. Leikmannahópur liðsins virðist stækka með hverri vikunni enda sterkir leikmenn komnir tilbaka úr meiðslum.

Leikur Fylkismanna virðist hins vegar í lausu lofti en þeir hafa spilað skelfilega í síðustu tveimur leikjum. Þeir sáu ekki til sólar gegn Stjórnunni í síðustu umferð og voru teknir í kennslustund í gærkvöldi.

„Þetta er bara gjörðsamlega til skammar og ég á ekki til orð yfir spilamennsku okkar í leiknum,“ sagði Ásgeir Börkur Ásgeirsson, leikmaður Fylkis, eftir tapið í gær.

Fylkismenn sitja í sjöunda sæti deildarinnar eftir tapið með jafnmörg stig og Stjarnan sem hefur

betra markahlutfall og á leik til góða.

„Við byrjuðum á hælunum og þeir skora þrjú mörk í fyrri hálfleiknum og slátruðu í raun leiknum. Við reyndum í seinni hálfleik að gera eins og við gátum og þá varð leikurinn jafnari en KR slakaði jafnframt á. Þetta var bara til skammar og við getum ekki boðið okkar fólki upp á svona leik,“ sagði Ásgeir Börkur greinilega ósáttur.

Ásgeir er þekktur fyrir mikla baráttu inni á vellinum einst og fleiri Fylkismenn. Sú baráttu var ekki til staðar í gærkvöldi og þurfa Árbæingar að hugsa sinn gang ef ekki á illa að fara í sumar.

„Menn eiga að sjálfsgöðu að mæta dýrvitlausir til leiks eftir svona rassskellingu gegn Stjórnunni í síðustu umferð en það var ekki til staðar og við drulluðum á okkur. Við verðum bara að fara að vera einbeittari í leik okkar, við erum að fá allt of auðveld mörk á okkur, en við erum ekkert hættir og ætlum okkur að vera í þessari toppbaráttu,“ sagði miðjumáðurinn eftir tapið.

**FYLKIR**

**0-3**

**KR**

**Fylkir 4-3-3** Bjarni Þórður Halldórsson 5 – Þórir Hannesson 3 (46., Kjartan Á. Breiðdal 5), Kristján Valdimars. 5, Valur F. Gíslason 4 (67., Andri Hermannss. 5), Tómas Þorsteins. 6 – Gyflí Einarsson 5 (85., Rúrik A. Þorfinnsson), Ásgeir B. Ásgeirsson 5, Andrés Már Jóhanness. 6 – Albert Brynjar Ingasson. 5, Ingimundur N. Óskars. 5, Jóhann Þórhallsson 4

**KR 4-3-3** Hannes Þór Halldórsson 7 – Magnús Már Lúðvíksson 7 (82., Dofri Snorrason -), Skúli Jón Friðgeirsson 6, Grétar S. Sigurðarson 7, Guðmundur R. Gunnarsson 7 – Bjarni Guðjónsson 7, Viktor B. Arnarson 6, Baldur Sigurðsson 6 (58., Ásgeir Örn Ólafsson 6) – Kjartan Henry Finnbogason 6 (67., Gunnar Örn Jónsson 5), Óskar Örn Hauksson 8, \*Guðjón Baldvinsson 9

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.834  
Dómari: Þóroddur Hjaltalín Jr. (7)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	7-17 (4-9)
Varin skot	Bjarni 5 – Hannes 4
Horn	5-2
Aukaspyrnur fengnar	15-21
Rangstöður	1-0

**Breiðablik**

**4-1**

**Þór**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 615  
Kristinn Jakobsson (7)

- 1-0 Kári Ársællsson (25.)
- 2-0 Guðmundur Kristjánsson (41.)
- 2-1 David Disztl (45.+)
- 3-1 Dylan Jakob Macallister (55.)
- 4-1 Kristinn Steindórsson (64.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	20-16 (13-6)
Varin skot	Ingvar Þór 5 – Rajkovic 9
Horn	10-2
Aukaspyrnur fengnar	11-10
Rangstöður	0-2

<b>BREIÐAB.</b> 4-3-3	<b>ÞÓR</b> 4-3-3
Ingvar Þór Kale 6	Srdjan Rajkovic 6
Jökull I. Elísabetars. 6	Gísli Páll Helgason 5
Elfar Freyr Helgason 6	Janez Vrenko 5
Kári Ársællsson 5	(87. Pétur Kristjánss. -)
Arnór Sv. Aðalsteins. 5	Þorsteinn Ingason 6
Finnur Margeirsson 6	Kristján Páll Hanness. 3
Guðm. Kristjánsson 7	(70. Baldvín Ólafss. -)
Olgeir Sigurgeirsson 5	Aleksander Linta 5
(67. Arnar Björgv. 6)	Ármann P. Evarsson 7
Rafn Andri Haraldss. 7	Gunnar Már Guðm. 5
*Kristinn Steind. 8	Sveinn Elías Jónsson 6
(78. Andri Yeoman. -)	Atli Sigurjónsson 6
Dylan Macallister 7	David Disztl 5
(84. Viktor Illugason -)	(76. Sigurður Kristj. -)

\*Maður leiksins

Eyjammenn halda í við KR og Val eftir mikilvægan 3-1 sigur á FH í Eyjum:

## Tryggvi í banastuði gegn FH

**FÓTBOLTI** Eyjamenn fóru með sanngjarnan sigur af hólm í Hásteinsvellinginum í Vestmannaeyjum þegar þeir tóku á móti FH. Fyrrum FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson átti stórleik en hann skoraði eitt mark og lagði upp annað í 3-1 sigri ÍBV.

Leikurinn fór rólega af stað og var jafnræði með liðunum. Eftir um 20 mínútur gáfu Eyjamenn aðeins í og héldu boltanum betur. FH-ingarnir voru andlausir og virtist vanta allan vilja og grimmd í þeirra lið.

Það var því verðskuldað þegar heimamenn náðu forystunni undir lok fyrri hálfleiks. Hægri bakvörðurinn Kelvin Mellor stangaði þá boltann í netið af stuttu færi eftir aukaspyrnu Finns Ólafssonar.

Eyjammenn héldu uppteknu hætti í síðari hálfleik og bættu fljótlega við marki. Tryggvi Guðmundsson besti maður vallarins átti þá skemmtilegan samleik við Ian Jeffs. Tryggvi tók fyrirgjöf Jeffs á bringuna og hamraði boltann í netið.



Í **SJÓN MÁLI** Tryggva vantar sjö mörk til þess að slá markametíð í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FH rétti úr kútnum skömmu síðar með marki Matthíasar Vilhjálmssonar. Ólafur Páll Snorrason átti þá flottan sprett upp hægri kantinn og sendi fyrir á fyrirlíðann sem skallaði knöttinn í netið.

FH-liðið náði ekki að ógna marki Eyjamanna að neinu ráði eftir þetta og það voru heimamenn sem skoruðu þriðja markið. Andri Ólafsson skoraði þá eftir stoðsendingu Tryggva Guðmundssonar.

„Eyjamenn voru bara mikið sterkari en við í þessum leik á öllum sviðum knattspyrnunnar. Þeir voru mikið betri og grimmari í fyrri hálfleik, á undan í alla bolta og spiluðu bara töluvert betur,“ sagði Heimir Guðjónsson þjálfari FH.

Heimir Hallgrímsson var sáttur við leik sinna manna en ekki tíma-setningu leiksins.

„Ég hefði ekki nefnt þetta hefðum við ekki unnið þennan leik en ég er brjáláður að fá einungis einn dag til þess að undirbúa svona mikilvægan leik,“ sagði Heimir. Eyjamenn komu til Eyja síðdegis á laugardag og höfðu því aðeins sólarhring til þess að undirbúa sig fyrir FH-leikinn. Heimir sagði skandal að ekki hefði verið hægt að fresta leiknum í að minnsta kosti einn dag.

**ÍBV**

**3-1**

**FH**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 836  
Valgeir Valgeirsson (7)

- 1-0 Kelvin Mellor (44.)
- 2-0 Tryggvi Guðmundsson (48.)
- 2-1 Matthías Vilhjálmsson (55.)
- 3-1 Andri Ólafsson (80.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	11-7 (7-4)
Varin skot	Albert 3 – Gunnleifur 4
Horn	7-6
Aukaspyrnur fengnar	12-10
Rangstöður	5-2

<b>ÍBV</b> 4-5-1	<b>FH</b> 4-3-3
Albert Sævarsson 6	Gunnleifur Gunnl. 5
Kelvin Mellor 8	Ásgeir G. Ásgeirsson 4
Eiður A. Sigurbjörnss. 7	(80. Guðm. Sævarss. -)
Rasmus Christiansen 7	Pétur Viðarsson 5
Matt Garner 6	Tommi Nielsen 5
Finnur Ólafsson 8	Freyr Bjarnason 5
Ian Jeffs 7	Bjarki Gunnlaugsson 4
(66. Þórarinn Vald. 6)	Hákon Atli Alfreðss. 4
Andri Ólafsson 6	(70. Björn Sverriss. 4)
*Tryggvi Guðm. 8	Hólmar Örn Rúnarss. 4
Guðm. Þórarinnsson 6	(58. Atli Guðnason 4)
(66. Tony Mawejje 6)	Matthías Vilhjálmss. 6
Denis Sytnik 5	Ólafur Páll Snorrason 4
(77. Brynjar Guðj. -)	Atli Viðar Björnsson 6

\*Maður leiksins



**THULE**  
SWEDEN**AFMÆLISTILBOÐ****TAKMARKAÐ MAGN**

# Ferðabox



Pacific 100



Pacific 200



Pacific 500



Pacific 600



Pacific 700

NÚMER	HEITI	LÍTRAR	LITIR	VERÐ ÁÐUR	TILBOÐ	DÚ SPARAR	
<del>631100</del>	<del>Pacific 100</del>	<del>370</del>	<del>grátt/svart</del>	<del>59.900</del>	<del>49.900</del>	<del>10.000</del>	<b>UPPSELT</b>
631200	Pacific 200	460	grátt/svart	79.900	65.900	14.000	
<del>631500</del>	<del>Pacific 500</del>	<del>330</del>	<del>grátt/svart</del>	<del>69.900</del>	<del>55.900</del>	<del>14.000</del>	<b>UPPSELT</b>
631600	Pacific 600	340	grátt/svart	89.900	79.900	10.000	
631700	Pacific 700	460	grátt/svart	97.900	85.900	12.000	

Sjá nánar á: [www.stilling.is/ferdabox](http://www.stilling.is/ferdabox)Stilling hf. | Sími 520 8000  
[www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is) **Stilling**



## > Ashley Judd

„Allt sem ég hef gert hefur verið skemmtilegt, mikilvægt og þýðingarmikið fyrir mig.“

**Ashley Judd leikur í rómantísku gamanmyndinni *Someone Like You*. Fer hún með hlutverk konu sem sagt er upp af kærasta sínum en í stað þess að leggjast í þunglyndi kynnir hún sér ítarlega hið rétta eðli karlmanna. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 16.**



## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HLAKKAR TIL NÆSTU ÞÁTTARAÐAR JERSEYLICIOUS

### Gleði og sorg í New Jersey

Annað kvöld hefst önnur þáttaröð raunveruleikaþáttanna Jerseylicious. Þættirnir fjalla um starfsfólk hárgreiðslustofunnar Gatsby Salon í New Jersey. Sjónvarpsstöðin Style Network framleiðir þættina sem hófu göngu sína í fyrra.

Hárgreiðslustofan fékk andlitslyftingu árið 2009 og í kjölfarið ákvað eigandinn, Gayle Giacomo, að ráða inn nýja starfsmenn. Á meðal þeirra voru Tracy DiMarco og Olivia Blois Sharpe sem gerast svarnir óvinir.

Ég fylgdist með fyrri þáttaröðinni af mikilli eftirvæntingu í allan vetur og hef beðið næstu þáttaraðar af enn meiri eftirvæntingu og brátt er biðin á enda. Í síðustu viku horfði ég á svolitinn undirbúningsþátt fyrir nýju þættina og fékk leikkonan Vivica A. Fox alla meðlimi þáttarinnar

í heimsókn til sín í sjónvarpssal. Þar var margt reifað og litið yfir farinn veg. Meðlimir felldu tár, hlógu, báðu hver annan afsökunar og ræddu ýmis deilumál. Turtildúfurar Gigi Liscio og Frankie Buglione, sem eru víst hætt saman, rifjuðu upp gamla og hamingjusamari tíma og óskuðu hvort öðru góðs gengis í lífinu.

Já, þættirnir eru góð skemmtun og ég hef heitið mér því að verði mín fyrsta Bandaríkjafor einhvern tímann farin mun ég stoppa við á The Gatsby Salon og fá mér greiðslu og „smokey-eye“ a la Olivia.



# dagskrá

## RÚV

- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Húrra fyrir Kela (32:52)
- 17.43 Mærin Mæja (22:52)
- 17.51 Artúr (2:20)
- 18.20 Táknálfurfréttir
- 18.30 Með okkar augum (2:6)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.40 Gulli byggir (2:6) Gulli Helga húsasmiður hefur verið fenginn til þess að koma lagi á kjallara í 65 ára gömlu húsi í Reykjavík. Óþefur og ýmis konar skordýr hafa hjáð þá sem kjallarnn hefur hýst um nokkurn tíma og greinilegt er að húsið er komið á tíma. Undir leiðsögn Gulla og fagmanna á hverju sviði vinna íbúar húsnæðisins, ásamt vinum og ættingjum að breytingunum.
- 20.10 Aldamótabörn (1:2) (Child of Our Time: The Big Personality Test) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.
- 21.10 Leitandinn (32:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlán Amnell. Atríði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.15 Líðsáukinn (8:32) (Rejseholdet)
- 00.15 Fréttir (e)
- 00.25 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 08.15 Full of It
- 10.00 Someone Like You
- 12.00 Dr. Dolittle. Tail to the Chief
- 14.00 Full of It
- 16.00 Someone Like You
- 18.00 Dr. Dolittle. Tail to the Chief
- 20.00 Glastonbury
- 22.15 The Band's Visit
- 00.00 Fur
- 02.00 The Onion Movie
- 04.00 The Band's Visit
- 06.00 Impact Point

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.10 Smallville (8:22)
- 10.55 Hamingjan sanna (3:8)
- 11.35 Total Wipeout (6:12)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (24:43)
- 14.20 American Idol (25:43)
- 15.05 ET Weekend
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (15:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Two and a Half Men (22:22)
- 19.35 Modern Family (17:24)
- 20.00 Extreme Makeover: Home Edition (17:25)
- 20.45 Fairly Legal (6:10) Ný dramátísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtni lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt. Kate hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál, bæði vegna kunnáttu sinnar í lögfræði og eins vegna mikilla samskiptahæfileika.
- 21.30 Nikita (17:22)
- 22.15 Weeds (1:13)
- 22.45 Office (5:6)
- 23.15 Modern Family (24:24)
- 23.40 How I Met Your Mother (15:24)
- 00.05 Bones (15:23)
- 00.50 Entourage (2:12)
- 01.20 Bored to death (5:8)
- 01.45 Jacques D'Amboise in China
- 02.15 Human Target (4:12)
- 03.00 Getting Played
- 04.25 Fairly Legal (6:10)
- 05.05 Modern Family (17:24)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 18.05 F1: Við endamarkið Keppni helgarrinna í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
- 18.35 Miðfjarðará Að þessu sinni verður veitt í hinni gjöfulu og skemmtilegu Miðfjarðará.
- 19.05 N1 mótið Sýnt frá N1 mótinu á Akureyri þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki.
- 19.45 Valur - Stjarnan Bein útsending frá leik Vals og Stjörnunnar í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 22.00 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
- 23.10 Valur - Stjarnan Útsending frá leik Vals og Stjörnunnar í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 01.00 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.

## SPORT 2

- 07.00 Kólumbía - Bólívía Útsending frá leik Kólumbíu og Bólívíu í Copa America 2011.
- 17.55 Premier League World Áhuga-verður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
- 18.25 Brasilía - Paragvæ Útsending frá leik Brasilíu og Paragvæ í Copa America 2011.
- 20.10 Venesúela - Ekvador Útsending frá leik Venesúela og Ekvador í Copa America 2011. Liðin eru í B-riðli ásamt Brasilíu og Paragvæ.
- 21.55 Goals of the Season 2010/2011 Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
- 22.50 Kólumbía - Bólívía Útsending frá leik Kólumbíu og Bólívíu í Copa America 2011.
- 00.35 Argentína - Kostaríka Bein útsending frá leik Argentínu og Kostaríka í Copa America 2011. Liðin eru í A-riðli ásamt Kólumbíu og Bólívíu.

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.40 Pepsi MAX tónlist
- 17.20 Rachael Ray
- 18.05 Top Chef (7:15) (e)
- 18.55 Married Single Other (2:6) (e)
- 19.45 Will & Grace (8:27) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
- 20.10 One Tree Hill (11:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum sirt og sætt. Óveður skellur á Tree Hill og fólk er ráðlagt að halda sig innandyra. Quinn á í vandræðum með Katie og Brooke kemur sér í lífshættulegar aðstæður.
- 20.55 Hawaii Five-O (19:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Sérsvaitin lætur að sér kveða á ráðstefnu um vísindaskáldskap eftir að einum aðdáanda var kastad út um glugga.
- 21.45 CSI: New York (4:22) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Harlem er þúðurtunna sem gæti sprungið hvenær sem er enda götugengin mörg.
- 22.35 Parenthood (6:13) (e) Ný þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramátísk. Sarah íhugar að fara á stefnumót með kennara dótturinnar, Crosby ætlar að segja foreldrum sínum frá syni sínum og áhyggjurnar af Max eru famar að hafa áhrif á hjónabandið hjá Adam og Kristina.
- 23.20 Royal Pains (6:13) (e).
- 00.05 Law & Order: Criminal Intent (e)
- 00.55 CSI: Miami (23:24) (e)
- 01.40 Will & Grace (8:27) (e)
- 02.00 Hawaii Five-O (19:24) (e)
- 02.45 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.10 John Deere Classic (4:4)
- 10.10 Golfing World
- 11.00 John Deere Classic (4:4)
- 14.00 The Scottish Open (2:2)
- 18.00 Golfing World
- 18.50 John Deere Classic (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 Champions Tour - Highlights
- 23.45 ESPN America

## EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.15 Ally McBeal (13:22) Ally líkar illa viss ábyrgð sem fylgir því að vera meðeigandi. Fish tekur að sér mál Claire Otoms sem hefur verið ákærð fyrir að áreita vinnufélagar sína kynferðislega.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 The Whole Truth (3:13) Nýtt og spennandi lögræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og ákóf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína.
- 22.30 Rizzoli & Isles (9:10) Spennandi glæpaþáttaröð um leynilögreglunona Jane Rizzoli og lækinnn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur. Jane er eini kvenlögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Mauru er hins vegar afar róleg og líður best á rannsóknarstofu sinni meðal þeirra látnu.
- 23.15 Damages (8:13)
- 00.00 Ally McBeal (13:22)
- 00.45 The Doctors
- 01.25 Sjáðu
- 01.50 Fréttir Stöðvar 2
- 02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV



- 18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 18.30 2 gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem að gesta stjórnandi fær til sín góðan gest.



- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Rætt hvor sumarfrí geti verið streituvaldandi.
- 20.30 Golf fyrir alla 12. og 13. hola á Hamarsvelli.
- 21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
- 21.30 Eldhús meistarana Magnús Ingi og Bjóssi í Domo grillar á þaki Panorama.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útvarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

# COPA AMERICA

## ARGENTÍNA – KOSTA RÍKA

Í KVÖLD KL. 00:35

## CHILE – PERÚ

Á MORGUN KL. 22:05

## ÚRÚGVÆ – MEXIKÓ

Á MORGUN KL. 00:35

## STÓRKOSTLEG FÓTBOLTAVEISLA

### Á STÖÐ 2 SPORT 2

STÖÐ 2 SPORT 2 KOSTAR AÐEINS FRÁ 199 KR. Á DAG

MAN UTD TV, LIVERPOOL TV, CHELSEA TV OG HLIÐARRÁSIR FYLGJA.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Extreme Makeover: Home Edition

Púsundþjalasmiðurinn Ty Pennington er mættur aftur til leiks með her aðstoðarmanna og endurbyggir heimili fyrir fjölskyldur sem eiga það skilið. Núna er það sjö manna fjölskylda sem býr við þróngan kost í Fairmont í Vestur Virginíu sem fær óvænta heimsókn.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Með spjóti í höfðinu 14.00 Fréttir 14.03 Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Hin hljóðu tár 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Heimsmenning á hjara veraldar 20.00 Leynifélagið 20.30 Hefðarkettir og ræsisrottur 21.10 Um Njálssögu 21.27 Kvöldsgagan: Njálssaga 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gími, grúsk og glóriur 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

10.45 Fawty Towers 11.15 Deal or No Deal 11.45 Deal or No Deal 12.20 Deal or No Deal 12.55 Fawty Towers 13.25 Allo, Allo! 13.55 Allo, Allo! 14.20 Deal or No Deal 14.55 Deal or No Deal 15.30 Deal or No Deal 16.05 Fawty Towers 16.35 Allo, Allo! 17.05 Allo, Allo! 17.30 Dalziel and Pascoe 18.20 Dalziel and Pascoe 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 My Family 22.15 Top Gear 23.05 Live at the Apollo 23.50 QI 00.20 QI 00.50 Little Britain 01.20 My Family

DR 1

11.15 Når elefanten flytter hjemmefra 11.45 Sommertid 12.15 Det Søde Sommerliv 12.45 Søren Ryge præsenterer 13.10 Merlin 13.55 Møde i naturen 14.00 Byggemand Bob 14.15 Hyrdehunden Molly 14.30 Rosa fra Rouladegade 15.00 Hercule Poirot 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet Sommer 17.45 Sommervejret 18.00 Kyst til kyst 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret 19.30 SportNyt 19.40 Horisont Special 20.35 Inspector Rebus 21.45 Vore Venners Liv 04.00 Rasmus Klump 04.05 Chiro

NK1

09.45 Kokkekamp 10.15 Berlin, Berlin 10.40 Berlin, Berlin 11.05 Solgt! 11.35 Karanba! 12.05 Damenes detektivbyrå nr. 1 13.00 Derrick 14.00 Ekstremfiske 14.45 Ut i naturen 15.10 Poirot 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tilbake til 70-tallet 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Australias villmark 18.00 Tore på sporet 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommerapent 20.15 Boardwalk Empire 21.05 Kveldsnytt 21.20 Mysterier med George Gently

svt1

14.00 Rapport 14.05 Det goda livet 14.55 Taube på Gröna Lund i 50 år 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.05 Regionala nyheter 16.10 Regionala nyheter 16.15 Konstdeckarna 17.15 K-märkt form 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 17.52 Regionala nyheter 18.00 Cléo 18.30 Det söta livet 19.00 Vem tror du att du är? 19.40 Semester, semester, semester 20.00 Hotellpraktikanterna 20.30 Hela apparaten - om teknikens världar 21.00 Damages 22.00 Sommarpratarna 23.00 Rapport

**Framúrskarandi íslenskt**

Búum við á besta stað blesa skyldum kúna Íslendingar eiga það sem aðra vantar núna

Öllum standa opnar dyr andans kraft skal virkja þá er best að borða skyr búkinn til að styrkja

**BYLGJU LESTIN**

VIÐ VERÐUM Á FLÚÐUM UM HELGINA á útihátíð Bylgjunnar

ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ  
Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.  
Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.

BYLGJULESTIN ÞAKKAR Borgfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Flúðum á útihátíð Bylgjunnar.

BYLGJULESTIN Í SUMAR

3.-5. JÚNÍ	Grindavík
10.-11. JÚNÍ	Selfoss
17.-18. JÚNÍ	Hrafnseyri
24.-25. JÚNÍ	Garður
1.-2. JÚLÍ	Sauðárkrókur
8.-9. JÚLÍ	Borgarnes
15.-16. JÚLÍ	Flúðir
22.-23. JÚLÍ	Fáskrúðsfjörður
5.-6. ÁGÚST	Dalvík
12.-13. ÁGÚST	Hveragerði
20. ÁGÚST	Reykjavík
26.-28. ÁGÚST	Skaftahlíð

ÆVINTÝRA EYJAN olís BYLGJAN 25 ÁR 989





„Það er einfalt. Upphalds sjónvarpsspátturinn er Seinfeld. Aðrir góðir eru Fóstbræður og Hitchiker's Guide to The Galaxy.“

Bórhallur Skúlason, tónlistarmaður.

## Gefur viðskiptavinum stöðumælaklink

„Þetta vekur ómælda athygli og það er alveg ótrúlegt hvað fólk er duglegt að setja pening í skálina,“ segir Tómas Kristjánsson, eigandi iSímins í Skipholtinu.

Tómas geymir skál fulla af klinki á afgreiðsluborðinu og geta viðskiptavinir tekið pening úr skálinni og notað til þess að greiða í þá stöðumæla sem er að finna á bílastæðinu fyrir utan. „Við erum með mjög einfalda gjaldskrá hjá okkur svo fólk er oft að fá tókalla til baka. Helmingurinn af viðskiptavinum okkar lætur klinkið bara í skálina,“ segir Tómas.

Verslunin var áður staðsett að Stór- höfða, en þar var ekki neina stöðumæla að finna. „Mér finnst alveg ömurlegt að viðskiptavinir mínir þurfi núna að borga

til þess að koma til mín. Að hafa þessa skál var einfaldlega bara það næstbesta í stöðunni,“ segir Tómas, og bætir við að borgin hafi neitað að leigja sér stæði fyrir utan. Hann segir jafnframt að stöðumæla-verðirnir séu duglegir að sekta í Skipholtinu. „Ég bjóst ekki við því að þeir væru að sekta svona mikið, sérstaklega þar sem verslunin er alveg við endann á stöðumælunum.“

Tómas segir að hver sem er megi kippa klinki úr skálinni. „Þetta er auðvitað ætlað viðskiptavinum okkar en ég yrði ekkert brjálaður ef einhver kæmi hér inn, tæki tuttugu krónur úr skálinni og færi á Ruby Tuesday,“ segir Tómas í léttum dúr.

-ka



**KLINK FYRIR FÓLKID** Tómas Kristjánsson, eigandi verslunarinnar iSíminn, býður fólk klink í stöðumæla við verslunina í Skipholtinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Miele**

Miele ryksugur

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

RIDLEY SCOTT: MYNDAR UPPHAF TÍMANS Á ÍSLANDI

## Stórstjörnur við Heklu

„Ef maður er smeykur við náttúruöflin í þessu fagi þá ætti maður að finna sér annað starf,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Ridley Scott sem átti stuttan fund með blaðamönnum í miðbæ Reykjavíkur í gær. Tökur á stórmyndinni Prometheus hefjast í dag við rætur Heklu. Eins og kom fram í fjölmiðlum í síðustu viku þá virtist Hekla vera að rumska en Scott segist ekki hafa misst svefn yfir þeim fréttaflutningi.

Tökurnar standa yfir næstu tvær vikur. Óskarsverðlaunaleiknonan Charlize Theron, X-Men-hetjan Michael Fassbender og Lisbeth Salander-leiknonan Noomi Rapace eru meðal þeirra sem heðra Ísland með nærveru sinni næsta hálfu mánuðinn en tókuliði verður einnig við Dettifoss. Um gríðarstórt verkefni er að ræða og framleiðslukostnaðurinn hér á landi nemur hundruðum milljóna íslenskra króna samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Scott yldi ekkert tjá sig um það. 160 Íslendingar koma að verkefninu hér á landi ásamt yfir 200 erlendum kvikmyndagerðarmönnum og kaus Scott að kalla það „lítið tókuliði“. Hann staðfesti hins vegar að íslenskt landslag yrði ekki í neinu aukahlutverki í myndinni. „Þetta eru fimmtán mínútur í heild sinni ef allt gengur að óskum. Við erum að mynda upphaf tímans.“ Leikstjórinn hefur haldið mikilli leynd yfir tökunum hingað til á Bretlandseyjum og fær myndir frá tókustað þar hafa lekið á netið. Hann segir það mikilvægt fyrir sig og fyrir áhorfendur. Sömu leynd verður viðhaldið hér á landi. „Það er mikið af frumlegu og nýju efni í myndinni og það væri leiðinlegt að eyðileggja það með leka.“

Ísland kom frekar seint inn sem tókustaður, en var samt alltaf möguleiki þegar leit stóð yfir. „Það er hægt að finna svipað landslag á öðrum stöðum í heiminum. En hérna er það samt svo frumstætt og „júralegt“ og það hafði úrslitaáhrif. Ísland er gríðarlega fallett land.“

freyrgigja@frettabladid.is



### STÓRSKOTALIÐ

Charlize Theron, Noomi Rapace og Michael Fassbender eru meðal þeirra stórstjarna sem verða hér á landi við tökur á kvikmyndinni Prometheus eftir Ridley Scott. 360 manna tókuliði kemur að kvikmyndinni hér á landi en tökurnar fara fram við Heklu og Dettifoss.



### SCOTT Í HNOTSKURN

Ridley Scott er einn fremsti kvikmyndagerðarmaður heims. Hann byrjaði að leikstýra sjónvarpsefni fyrir breska ríkissjónvarpið, BBC, en færði sig síðan yfir á hvíta tjaldið með kvikmyndinni The Duellist árið 1977. Það var hins vegar Alien sem skaut honum upp á stjörnuhimininn árið 1979. Scott fylgdi henni eftir með

Blade Runner sem nýverið var kjörin besta vísindaskáldsögumynd allra tíma. Scott hefur þrívægis verið tilnefndur til Óskarsverðlauna; fyrir Thelma & Louise, Black Hawk Down og Gladiator. Scott er einnig mjög virtur framleiðandi og hefur sem slíkur framleitt mikið af efni fyrir bæði sjónvarp og hvíta tjaldið.



## RÝMINGARSALA

ALLAR VÖRUR Á 50 % AFSLÆTTI 7.-15. JÚLÍ

Basarinn í Austurveri  
Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins  
Háaleitisbraut 68  
Opið virka daga kl. 11-18

Gerid góð kaup á nýjum og notuðum hlutum, s.s. fötum, bókum, skrautumnum, hljómplötum og mörgu fleiru.

Við tökum á móti notuðum frimerkjum, helst á umslögunum og komum þeim í verð. Allur ágóði rennur til starfsins í Eþíopíu, Keníu, Japan og víðar.



**BASARINN**  
Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

## Hurts-greiðslan vinsæl á Íslandi

Hárgreiðslan sem Theo Hutchcraft, söngvari Hurts, skartar er sú vinsælasta meðal stráka á Íslandi. Þetta fullyrðir blaðamaður London Evening Standard í viðtali við söngvarann. Hutchcraft segist því ekki hafa neinar áhyggjur ef poppferillinn fari í vaskinn. „Ég get þá alltaf farið til Íslands og opnað hárgreiðslustofu,“ segir hann.

Ferillinn virðist hins vegar ekki stefna í nein öngstræti því Hurts hafa náð góðri fótfestu í Evrópu. Hljómsveitin er meðal annars gríðarlega vinsæl í Þýskalandi, hefur náð þar platinusölu. Þeir eru hundeltir af alls kyns grúppum og verja stærstum hluta af tíma sínum þar. Lagið Wonderful Life var til að mynda mest spilaða lagið í Þýskalandi í fyrra.

Tengingin við Ísland hefur hins vegar verið mikil; þeir gerðu myndbandið við lagið Stay hér á landi og hafa lýst yfir mikilli ást á landinu. Þá lék fyrirsetan Anna Þóra Alfreðsdóttir aðahlutverkin í tveimur myndböndum hljómsveitarinnar og hún hafði ekkert nema gott um Hutchcraft að segja í samtali við Fréttablaðið í nóvember í fyrra. „Hann er mjög indæll.“

-fgg



**FLOTT HÁR** Theo Hutchcraft skartar hárgreiðslu sem er sú vinsælasta á Íslandi. Söngvarinn gæti hugsað sér að opna hárgreiðslustofu hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ótrúlegt tilboð!

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

**Spretturinn hefst í dag kl. 12:00!**

Vertu í viðbragðsstöðu því við ræsum af stað sjóðheitan sólarsprett á tvo æsispennandi áfangastaði á hlægilegu verði! Tilboðið gildir til Almería 15. & 22. júlí og Tenerife 21. & 28. júlí!

Sólarspretturinn hefst í dag mánudaginn 11. júlí kl. 12:00 og þú hefur aðeins 24 klukkustundir til að bóka ferðina þína á þessu einstaka tilboði - fyrstir koma fyrstir fá!

Sjá einnig  
önnur frábær  
verðdæmi á  
[plusferdir.is!](http://plusferdir.is)



**Almería**

Hotel Trinidad ★★ ★

15. júlí - vika

Verð á mann frá:

**99.125 kr.\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í  
Superior herbergi.  
Brottför: 15. júlí eða 22. júlí.

ALLT  
INNIFALIÐ!

**Tenerife**

Tropical Playa ★★ ★


21. júlí - vika

Verð á mann frá:

**109.900**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í  
stúdíóíbúð.  
Brottför: 21. júlí.

ALLT  
INNIFALIÐ!



**plús**  
FERÐIR

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - [info@plusferdir.is](mailto:info@plusferdir.is)





### FRÉTTIR AF FÓLKI


#### Brautryðjandinn

Leikstjórinn **Jón Gunnar Þórðarson** var fyrsti leikstjórinn til að frumsýna leikverk í menningarhúsinu Hofi á Akureyri, en það var sýningin Hárið sem vígði þetta nýja kennileiti á Akureyri fyrir þessa tegund listar. Jón Gunnar virðist kunna vel við brautryðjandastarfið því hann er einnig fyrsti leikstjórinn til að frumsýna leikverk í Hörpu, en Hárið var frumsýnt þar í síðustu viku. Hvað Jón Gunnar gerir næst er ekki ljóst, en stóri bróðir hans, Borgar-leikhússtjórinn Magnús Geir Þórðarson, er eflaust stoltur.



#### Myndar sumartískuna

Tískubloggarinn og ljósmyndarinn **Yvan Rodic** virðist ekki fá leið á íslenski tísku en hann er enn og aftur staddur hér á landi. Rodic sást sleikja íslensku sumarsólina í miðbænum á milli þess sem hann myndaði vel klæddan landann. Einnig sást til Rodics á sundlaugarbakkanum í Vesturbænum en líklega hefur hann ekki fengið leyfi til að mynda ofan í. Rodic heldur úti einu af vinsælustu tískubloggum heims í dag, facehunter.blogspot.com, en hann ferðast heims-horna á milli til að mynda götutísku heimsins fyrir blöð á borð við Vogue, New York Times, GQ og Cover.



- afb. - áþ

#### Mest lesið

- 1 Reyndi að blekkja lögguna - klífraði í aftursætið
- 2 Katla virðist vera farin aftur að sofa
- 3 Besta útihátíðin gengið vel - þrjátíu fíkniefnamál
- 4 Henti grasi út um gluggann - gaf svo upp nafn á eftirlýstum manni
- 5 Árni Þór búinn að synda í átta klukkutíma

## Office1

Fyrirtækjþjónusta

## ÓDÝR

### REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI  
**550 4111**

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17  
pontun@office1.is  
www.office1.is

## VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Þorleifur og Sjöfn rækta kínakál á garðyrkjustöðinni Gróðri á Flúðum. Það var þó ekki ætlunin að gerast garðyrkjubændur því hjónin eru bæði menntaðir kennarar. Þau segjast samt ekki sjá eftir að hafa farið út í garðyrkju. Starfið sé svo gefandi og þeim leiðist aldrei í vinnunni. Á staðnum vinna 6 manns á veturna en á sumrin allt að 15 manns.

